


Fjarðaálsfréttir





EFNISYFIRLIT



Þetta blað uppfyllir strangar umhverfiskröfur norræna umhverfismerkisins Svansins. Til að uppfylla skilyrði Svansins þarf prentgripur að vera prentaður á umhverfissvottaðan pappír sem unninn er úr nytjaskógum. Við prentun eru notaðir jurtaþrentlitir og umhverfisvæn hreinsiefni. Halda þarf nákvæmt grænt bókhald yfir alla þætti prentferilsins og allur úrgangur sem myndast við framleiðslu prentaðrar vöru skal enduruninn eða komið til ábyrgrar förgunar.

Útgefandi: Alcoa Fjarðaál
Ábyrgðamaður og ritstjóri: Dagmar Ýr Stefánsdóttir
Vinnsla efnis: Bolli Valgarðsson, Dagmar Ýr Stefánsdóttir, Anna Heiða Pálsdóttir o.fl.
Umbrot og hönnun: Brandenburg
Ljósmyndir: Jón Tryggvason, Hilmar Sigur- björnsson, Hreinn Magnússon og fleiri.
Forsíðuljósmynd: Birgir Ísleifur Gunnarsson
Á forsíðu: Hrafna Hanna Elísa Herbertsdóttir og Óliver Leó Ingimarsson í Neskaupstað.
Prentun: Prentmet

04	Starfsemi Alcoa Fjarðaáls 2014	29	Mæðgurnar Þórey og Hrafnhildur
05	Ávarp forstjóra	31	Velferðarþjónustan hjá Fjarðaáli
06	Idolstjarnan í álverinu	32	Heppin ungmenni fengu dvöl í bandarískum þjóðgarði
09	Álið frá Fjarðaáli snýr aftur heim til Íslands	34	Reykjavikurmærin sem flutti á Norðfjörð
10	Mikilvægum verkefnum hefur verið hrint í framkvæmd	36	Gífurleg tækifæri fyrir skap- andi greinar á Austurlandi
12	Konan á bak við tjöldin	38	Styrkúthlutun
14	Konur í álveri – ljósmyndasýning	40	Hvergerðingur heldur uppi árlegu stuði á Norðfirði
20	Mikilvægt að leita sér ráða í byrjun	41	Rauan Meirbekova - áhrif snefilefna við rafgreiningu áls
22	Helgi Laxdal vinnur að því að bæta samfélagið	42	Gætum lagt miklu meira að mörkum
24	Svipmyndir frá árinu	44	Tveir starfsmenn fara í Earthwatch-leiðangur
26	Karlar berjast fyrir jöfnum rétti	46	Álnotkun í byggingariðnaði
28	Tóku jógakennarann í Tælandi		



Ágæti lesandi

Hér hefur þú í höndum 8. tölublað Fjarðaálsfrétta sem hafa komið út árlega frá árinu 2008. Blaðinu er dreift til heimila allt frá Höfn til Vopnafjarðar og auk þess sent til fjölmargra fyrirtækja og hagsmunaaðila.

Blaðið sem þú lesandi góður hefur nú í höndum er afrakstur mikillar vinnu fámenns hóps en tilgangurinn er að veita Austfirðingum og öðrum áhugasömum innsýn í líf og störf fólksins hjá Fjarðaáli. Hér leggjum við áherslu á samfélagsábyrgð í verki og þetta er einn angi hennar, að deila upplýsingum um starfsemina með almenningi. Töluverð áhersla er lögð í blaðinu á viðtöl við konur sem hjá okkur starfa en við viljum gjarnan vekja áhuga kvenna á öllum aldri á þeim fjölbreyttu störfum sem í boði eru hér í álverinu. Við viljum sjá kynjahlutföllin hér jafnari en þau eru og með því að kynnast betur nokkrum konum sem hér starfa þá tekst okkur vonandi að brjóta á bak aftur þá skökku ímynd sem margir hafa af álversstarfsmanni. Þá eru viðtöl við

konur einkar viðeigandi nú á þessu merkisári þegar við fögnum 100 ára kosningarétti kvenna á Íslandi. Við hér í Fjarðaáli lögðum okkar af mörkum til að fagna þeim tímamótum en við höfum lengi boðið konum heim 19. júní og var það boð afar veglegt í ár í tilefni afmælisins.

Hjá Fjarðaáli starfar fjölbreyttur hópur fólks og allir hafa einhverja sögu að segja. Það er því engum vandkvæðum bundið að finna efni í blaðið árlega. Að þessu sinni ræðum við til dæmis við Idolstjörnuna sem starfar hjá okkur, kynnumst félagsmálatrölli sem snéri baki við slæmum félagsskap og flutti austur, fylgjumst með ævintýraferð tveggja mennta- skólanemenda að austan sem fengu tækifæri til að heimsækja bandaríska þjóðgarða og komumst að því hvernig mæðgum finnst að starfa í álverinu. Þá er rætt við konuna á bak við tjöldin, aðstoðarmann forstjóra sem er meðal þeirra sem hafa lengstan starfsaldur hjá fyrirtækinu og ekki má heldur gleyma konunum sem létu stóra drauminn um að læra að verða jógakennarar rætast. Þær sýna það og sanna að það er aldrei of seint að elta draumana. Fjölmargt fleira áhugavert er í blaðinu, t.d. viðtöl við aðila sem hafa hlotið styrki frá Alcoa og að síðustu vil ég vekja sérstaka athygli á ljósmyndum Jóns Tryggvasonar af konum sem starfa á álverslóðinni en Jón er starfsmaður Fjarða- áls og mjög góður áhugaljósmyndari. Sýning Jóns var opnuð í álverinu þann 19. júní síðastliðinn og hefur hún vakið verðskuldaða athygli hér innanhúss. Það er skemmtilegt að geta deilt sýningunni með fleirum í gegnum Fjarðaálsfréttir. Njótið vel!

Með ritstjórnarkveðju,
Dagmar Ýr Stefánsdóttir

STARFSEMI ALCOA

FJARÐAÁLS 2014

FRAMLEIÐSLA, ÚTFLUTNINGUR OG EFNAHAGUR

Fjarðaál flutti út vörur fyrir um 92 milljarða króna á árinu 2014. Það samsvaraði tæpum 7,7 milljörðum króna að meðaltali í hverjum mánuði – eða rúmum 252 milljónum króna á dag.

Af útflutningstekjum Fjarðaáls urðu um 31% eftir í landinu, eða ríflega 28 milljarðar króna, m.a. í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu. Þá eru ótaldir samfélags-styrkir. Alls hafa greiðslur Fjarðaáls vegna kaupa á að-föngum innanlands til síðustu áramóta numið um 221 milljarði króna frá því að fyrirtækið tók til starfa hér á landi. Fjöldi innlendra birgja á árinu 2014 var um 200.

STARFSFÓLK OG VERKTAKAR

Starfsmenn Fjarðaáls voru um 470 á árinu 2014. Þar af eru konur um 20% starfsmanna sem er hæsta hlutfall sem þekkist innan álvera Alcoa. Um 92% starfsmanna eru íslenskir ríkisborgarar. Um 95% starfsmanna eiga lögheimili í nærliggjandi byggðarlögum, þar af um 58% í Fjarðabyggð og 31% á Fljótsdalshéraði. Tæp 5% starfsmanna eiga lögheimili utan Austurlands.

Alcoa Fjarðaál hefur þá stefnu að útvista þeim verk-efnum í starfseminni sem ekki tilheyra kjarnastarfsemi fyrirtækisins sem er framleiðsla gæðaáls og sérstakra álblanda í samræmi við kröfur viðskiptavina. Þannig rennir fyrirtækið stoðum undir uppbyggingu og rekstur annarra fyrirtækja og frekari atvinnuuppbyggingu í landinu, ekki síst nærsamfélaginu.

Samtals vinna um 400 manns á vegum annarra fyrir-tækja í álverinu eða á álverssvæðinu. Alls hafa því tæplega 900 manns atvinnu á álverssvæðinu við Reyðarfjörð.

SAMFÉLAG

Á árinu 2014 greiddi Fjarðaál 1,5 milljarða króna í opin-ber gjöld til ríkisins og sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Starfsfólk Fjarðaáls greiddi á árinu um 1,4 milljarða króna í tekjuskatt og útsvar til ríkis og sveitarfélaga.

Alcoa Fjarðaál og Alcoa Foundation vorðu um 147 milljónum króna til að styðja við bakið á fjölbreyttum samfélagsverkefnum hér á landi á árinu 2014. Frá árinu 2003 hefur rúmum einum milljarði króna verið varið í

þessu skyni í landinu, fyrst og fremst til samfélagsmála á Austurlandi.

FJARÐAÁL OG UMHVERFIÐ

Áhersla Fjarðaáls á að starfa í sátt við umhverfið er í samræmi við þá áherslu sem Alcoa leggur á um-hverfismál um allan heim. Markmið fyrirtækisins er að takmarka neikvæð umhverfisáhrif, vinna í anda sjálfbærrar þróunar og taka virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Alcoa hefur frá upphafi verið í fararbroddi á sviði þróunar, nýsköpunar og framfara í áliðnaði heims-ins, sem m.a. hafa leitt af sér tækniþýtingar í öðrum atvinnugreinum. Starfsemi Alcoa Fjarðaáls hefur frá upphafi einkenst af mikilli þróunar- og nýsköpunar-vinnu þar sem stöðugt er leitað nýrra leiða til að gera betur í dag en í gær. Meðal nýjunga sem þróaðar hafa verið af starfsfólki Fjarðaáls má nefna nýja aðferð við ræsingu á álkerum, sem hefur í för með sér minni umhverfisáhrif m.t.t. útblásturs. Annað dæmi af ný-sköpunarvinnu starfsfólks Fjarðaáls og samstarfsaðila er ný hönnun á lokuðum skautbökkum sem hefur einnig dregið úr útblæstri. Nýja hönnunin mun vonandi leiða til framfara hjá öðrum álverum sem geta tileinkað sér samskonar verklag.

Fjarðaál leggur sömuleiðis mikla áherslu á stöðugar framfarir til að bæta árangur í losun mengandi efna og stendur fyrir viðamikilli vöktun á fjölmörgum um-hverfisþáttum í nágrenni álversins. Auk umtalsverðs árangurs í lágmörkun á losun flúormengandi loft-tegunda má nefna að ekkert affallsvatn rennur frá starfseminni til sjávar. Allt vatn er í lokuðum kerfum og endurnýtt sem kostur er. Álverslóðin er þannig hönnuð að allt regnvatn sem fellur niður á framleiðslusvæðinu er beint eftir sérstökum lögnum inn í settjarnir þar sem vatnið er hreinsað og síað áður en það rennur til sjávar. Fjarðaál hefur þá sérstöðu miðað við mörg önnur iðnaðarfyrirtæki að 99,7% allra aukaafurða frá starfseminni eru endurunnin. Þau 0,3% úrgangs sem enn eru ekki endurunnin eru nær alfarið lífrænn úrgangur frá vatnshreinsivirki og mótuneyti Fjarðaáls, þar sem eldaðar eru um það bil 600 máltíðir á hverjum sólarhring árið um kring. Fjarðaál hefur á stefnuskrá sinni að enginn úrgangur fari til urðunar.

ÁVARP FORSTJÓRA



Kæri lesandi

SUMARIÐ KOM SEINT FYRIR AUSTAN Í ÁR EN KOM FYRIR REST OG HJÁ FJARÐAÁLI HÖFÐUM VIÐ SÉRSTAKA ÁSTÆÐU TIL AÐ GLEÐJAST YFIR VEÐURBLÍÐUNNI Í SEPTEMBER.

Jökulbráð tók loks að streyma í Hálslón og nú er lónið orðið fullt fyrir veturinn en um tíma leit út fyrir að mikið myndi vanta upp á það. Raforkuskerðing hafði verið boðuð hjá Fjarðaáli eins og öðrum stórnotendum raf-orku en þeirri skerðingu hefur nú verið aflýst. Raforku-skerðing hefur mikil áhrif á rekstur álvers og snerti Fjarðaál illa árið 2014. Til viðbótar við léttari lund með sólarglætunni í september var það því léttir fyrir okkur hjá Fjarðaáli að fá ekki raforkuskerðingu annað árið í röð.

Í umhverfismálum höfðum við ástæðu til að gleðjast yfir góðum árangri í sumar. Flúor í grasi mældist 19,7 µg F/g sem er lækkun frá fyrra ári um meira en þriðjung og jafnframt lækkun þriðja árið í röð. Umbótastarf sem nær til bæði verklags og búnaðar hefur skilað góðum árangri. Því umbótastarfi verður stöðugt haldið áfram en einnig ber að hafa í huga að utanaðkomandi þættir eins og veðráttta hafa áhrif á upptöku flúors í gróðri. Við erum afar stolt af því hjá Fjarðaáli að vera í fremstu röð álvera í heiminum hvað varðar flúorútbلاstur, lægst álvera Alcoa og fjórða lægst í heimi árið 2014.

Mikilvægur áfangi náðist í sumar þegar undirritaður var kjarasamningur Fjarðaáls við Afl og RSÍ til fimm

ára. Kjarasamningur til langs tíma er til þess fallinn að skapa stöðugleika og framtíðarsýn til hagsbóta fyrir bæði fyrirtæki og starfsmenn en margt starfs-fólk Fjarðaáls á beina aðkomu að samningnum með þátttöku í samninganefndum. Mikilvæg breyting í nýja samningnum minnkar dagvinnuskyldu starfsfólks á vöktum. Sú breyting er grundvöllur fyrir vaktakerfis-breytingu úr 12 í 8 tíma vaktir en áætlað er að taka upp nýtt vinnuskipulag frá og með mars 2016. Breytingin er bæði fjölskyldu- og samfélagsvæn þar sem styttri vinnutími og nýtt vaktafyrirkomulag bjóða upp á meiri fjölskyldutíma og aukna þátttöku í samfélaginu. Síðast en ekki síst bindum við vonir við að nýtt vaktakerfi bjóði upp á þann sveigjanleika sem þarf til að bæta kynjahlutfall á vinnustaðnum.

Umhverfismál, samfélagsmál og jafnrétti eru allt liðir í stefnu Fjarðaáls um samfélagslega ábyrgð. Fyrir-tækið er jafnframt bakhjarl í ýmsum samfélagsverk-efnum, s.s. menningar- og tómstundastarfi í nær-samfélaginu fyrir austan. Styrktarsjóður Fjarðaáls og samfélagssjóður Alcoa, Alcoa Foundation, úthluta styrkjum til ýmissa verkefna á hverju ári. Vinir Vatna-jökuls eru hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs sem styrkja rannsóknir, kynningar- og fræðslustarf til að stuðla að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs. Fjarðaál hefur árlega veitt 60 til 70 milljónum króna til verkefna Vana Vatnajökuls. Vatnajökulsþjóðgarður, sem er einstæður á heimsvísu, mótaður af ís og eldi, var formlega stofnaður sem þjóðgarður 9. júní 2008 og hefur Fjarðaál frá upphafi styrkt grundvöll starfsins verulega með framlögum til hollvinasamtakanna.

Tími breytinga er framundan hjá Alcoa. Alcoa tilkynnti nýlega að á árinu 2016 verði fyrirtækinu skipt í tvö sjálfstæð fyrirtæki. Íhlutaframleiðsla verður starf-rækt undir merki nýs fyrirtækis og álframleiðsla ásamt námuvinnslu, súrálframleiðslu og orkuvinnslu verði annað sjálfstætt fyrirtæki. Bæði fyrirtækin verða feykilega sterk, með stærðarhagkvæmni og góða sam-keppnishæfni. Álframleiðsla er hrávöruiðnaður sem gerir mikla kröfu um samkeppnishæfni. Hjá Fjarðaáli er frábært starfsfólk sem er tilbúið að takast á við breytingar og því erum við vel í stakk búin til að takast á við framtíðina.

Góðar stundir,
Magnús Þór Ásmundsson



ÍDOLSTJARNAN Í ÁLVERINU

Hrafna Hanna Elísa Herbertsdóttir er 27 ára gömul, ættuð frá Djúpavogi, nú búsett í Neskaupstað ásamt eiginmanni sínum, Ingimari Torfa Sigurðssyni og þriggja ára syni þeirra, Óliver Leó. Hún hóf störf hjá Fjarðaáli í janúar sl. Byrjaði á vöktum við skautskipti í kerskál-anum en hefur síðan reynt fyrir sér í fleiri störfum, enda fróðleiksfús og áhugasöm. Hún hefur þegar lært rafgreiningu og er stundum í stjórnherbergi kerskálan, þar sem hún fylgist með því að starfsemi í kerskálunum gangi eðlilega fyrir sig og vaktar kerin.

„Ég er dugleg að tuða og nöldra um að fá að læra eitt-hvað nýtt. Þess vegna hef ég fengið að skipta um starf með reglulegu millibili og það finnst mér mjög gaman. Ég held að þetta séu einhver skemmtilegustu störf sem ég hef komið nálægt“, segir Hrafna Hanna í samtali við blaðið. Störfin eru vissulega mjög ólík þeim sem hún hafi fengist við áður, svo sem starfi í frystihúsi og ýmis þjónustustörf í gegnum tíðina, segir Hrafna sem lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskólanum við Ármúla árið 2008. „Ég hef haft mikla ánægju af því að kynnst störfunum hér sem eru mun fjölbreyttari en mig óraði fyrir áður en ég kynntist vinnustaðnum.“

ALLA LEIÐ

Eins og margir Austfirðingar muna sigraði Hrafna hina geysivinsælu Ídolstjörnuleitarkeppni á Stöð 2 vorið 2009. Hún var þá aðeins 21 árs og þetta var jafnframt síðasta Ídolkeppnin sem haldin hefur verið hér á landi, enn sem komið er að minnsta kosti. Hrafna söng þrjú lög á úrslitakvöldinu, þar sem hún atti kappi við Önnu Hlín Sekulic um nafnbótina Ídolstjarna Íslands. Hvor um sig flutti þrjú lög, eitt að eigin vali, síðan lag sem dómnefndin valdi og að lokum sérsamið lag fyrir keppnina. Hrafna valdi að syngja ELO-lagið Ticket to the Moon, dómnefndin úthlutaði henni lagi og texta Magnúsar Eiríkssonar, Ég elska þig enn, og sérsamda lagið var Alla leið eftir Örlyg Smára við texta Páls Óskars. Mikil eftirvænting ríkti meðal þjóðarinnar á lokakvöldinu enda bárust yfir sjötíu þúsund atkvæði í símakosningunni.

„Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessari keppni, Soffía Anna Helga systir mín ætlaði að gera það. En við erum dálítið sísyngjandi fjölskyldan, og pabbi og mamma hvöttu okkur áfram og svo fór að við létum báðar slag standa. Við komumst báðar áfram allt þar til kom að beinu útsendingunum. Þá datt systir mín út og ég hélt áfram. Ég bjóst aldrei við að sigra í keppninni, undir lokin var ég farin að stefna á annað sætið, en þetta fór svona“, segir Hrafna og brosir sínu hógværa brosi.

LÆRÐI MIKIÐ Á ÞÁTTTÖKUNNI

Hrafna er feimin og hlédræg að eðlisfari og segir sviðsljósið hafa verið mikla áskorun fyrir sig. Ekki síður hafi umgjörðin um Ídolþættina komið sér á óvart. „Sem áhorfanda virkar öll umgjörðin á mann eins og um mjög stóra glamúrsýningu sé að ræða, en það er ekki þannig í reynd þegar maður kynnist innviðunum. Það kom mér líka á óvart hversu margt fólk kemur að undirbúningi að svona þáttum, allur þessi fjöldi fólks sem stendur að öllum undirbúningi, fyrir aftan myndavélarnar og sem sést aldrei“, segir Hrafna, sem fannst þátttakan í keppninni mikil og skemmtileg lífsreynsla. „Svona þættir skapa geysilega mörg störf og fyrir okkur keppendurna var þetta gott tækifæri. Ég lærði að minnsta kosti margt á þessu, til dæmis að koma fram og yfirstíga að vissu leyti sviðsskrekkin sem ég finn þó enn talsvert fyrir.“

Hrafna Hanna tók þátt í Ídol Stjörnuleit árið 2009.





Hrafna Hanna ásamt
eiginmanni sínum og
syni í fjallgöngu.

ENGIR STJÖRNUSTÆLAR

Þrátt fyrir velgengnina og mikinn áhuga sjónvarps-
áhorfenda um allt land, ekki síst í heimabænum, Djúpa-
vogi, þar sem setið var við hvern sjónvarpsskjá á loka-
kvöldinu, segir Hrafna aðspurð að því fari fjarri að hún
hafi upplifað sig sem einhverja stjörnu. „Nei alls ekki.
Aldrei. Að vísu fannst mér mjög skrýtið þegar krakkar
hópuðust að mér í Smáralind því þau mundu eftir mér
úr þáttunum og vildu eiginhandaráritun“, segir Hrafna
hlæjandi, „Þetta er lítið land, en það sem svona keppnir
hafa í för með sér, fyrir mig alla vega, er að maður fær
aukna trú á sjálfan sig. Eins og ég sagði þá hefur alltaf
verið mikið sungið á mínu bernskuheimili og ég sjálf er
alltaf sígaulandi enda söngurinn mikið áhugamál.“

SYNGUR MEÐ RANGHÖLUM

Þegar Hrafna er spurð hvað sé framundan á söng-
sviðinu segir að á þessum tímamarki einbeiti hún sér
að skemmtilegum hliðarverkefnum. „Ég er í hljómsveit-
inni Ranghölum sem stofnuð var 2012.“ Ranghalar er
skipuð Jóni Hafliða Sigurjónssyni bassaleikara, Jóni
Knúti Ásmundarsyni trommuleikara, Helga Georgssyni
hljómborðsleikara og söngkonunni Hröfnu, sem gekk til
liðs við bandið snemma á síðasta ári. Hljómsveitin æfir
einu sinni í viku eða gerði það þangað til nýverið þegar
einn meðlimur hennar flutti í annan landshluta.

„Við erum vel æfð og getum komið fram með stuttum
fyrirvara. Auk fjölmargra vinsælla og vel þekktra erl-
endra „coverlaga“ eigum við gott safn af frumsömdum
lögum sem strákarnir hafa samið og ég hef gert flesta
ef ekki alla texta við. Við stefnum að því að gefa út

plötu með frumsömdu lögnum síðar á árinu“, segir
Hrafna, sem þykir fljót að semja texta. Hljómsveitin
heldur úti Facebooksíðu undir heiti hljómsveitarinnar
og hlusta má á lög á SoundCloud.

TÍMINN FÓR Í ANNAÐ

Hrafna segir að sumum finnist skrýtið að hún skuli ekki
hafa helgað sig alfarið tónlistinni í kjölfar Idol, en á það
beri að líta að Ísland er lítið land og samkeppnin mikil á
tónlistarmarkaðnum. „Ég var auðvitað ung á þessu ár-
um auk þess sem pabbi fékk krabbamein skömmu eftir
keppnina og lést rúmu ári síðar. Þannig að lífið snérist
mikið um aðra hluti en söng á þessum tíma. Ég fór að
gera aðra hluti og hafði í talsvert langan tíma ekki mikla
löngun til að syngja.“

SPENNANDI STÖRF HVERT SEM LITIÐ ER

Hún segir að ástæðurnar fyrir því hvers vegna hún hóf
störf hjá Fjarðaáli vera ýmsar. „Ég var búin að prófa
ýmis þjónustustörf og að vinna í frystihúsi. Á sama
tíma vissi ég af álverinu og heyrði ýmislegt spenn-
andi þaðan sem ég ákvað að athuga nánar. Ég heyrði
það auðvitað líka að ýmsum þykja álversstörf henta
konum illa, þau séu skitug og erfið og allt það. En ég
ákvað samt að kynna mér vinnustaðinn, kom hingað
í skoðunarferð og verð að segja eins og er að ég varð
heilluð. Mér leið eins og ég væri komin til útlanda. Hér
er allt svo stórt og það er verið að vinna í spennandi
verkefnum hvert sem litið er. Mágkona mín starfar hér,
hefur gert lengi og vill hvergi annars staðar vera og
maðurinn minn er hér einnig. Ég upplífi álverið alls ekki
sem óþrifalegan vinnustað eins og sumir halda.“

KREFST SKIPULAGNINGAR

Hrafna segir að það krefjist skipulagningar að sam-
ræma fjölskyldulíf og vaktavinnu. „Ég vinn á vöktum
en maðurinn minn er í dagvinnu á kranaverkstæðinu
og þá morgna sem við þurfum bæði að mæta hlaupa
tengdaforeldrar mínir undir bagga með okkur. Þannig
að þetta er vel gerlegt ef gott stuðningsnet er til
staðar“, segir Hrafna sem bíður spennt eftir nýju Norð-
fjarðargöngunum þegar Oddskarðið leggst af sem
heilsárs samgönguæð milli Norðfjarðar og Eskifjarðar
en þá mun ferðatíminn til vinnu styttagast og umferðin
verða mun öruggari yfir vetrartímann.

LÍÐUR VEL Á NÚVERANDI STAÐ Í LÍFINU

Í tómstundum heklar Hrafna Hanna af miklum krafti.
Hún er ánægð fyrir austan og hefur áhuga á að þróast
frekar í starfi næstu árin hjá Fjarðaáli, og langar að
vinna einhvern daginn á rannsóknastofunni. Hrafna
hefur einnig áhuga á að halda áfram í námi síðar, þegar
ungi maðurinn á heimilinu verður orðinn aðeins eldri.
„Mér líður mjög vel á núverandi stað í lífinu og það sem
framtíðin ber í skauti sér verður bara að koma í ljós á
sínum tíma“, segir Hrafna Hanna Elísa Herbertsdóttir,
liðsmaður í glæsilegum hópi kvenna í álverinu við
Reyðarfjörð.

ÁLIÐ FRÁ FJARÐAÁLI SNÝR AFTUR HEIM TIL ÍSLANDS

DAVÍÐ ÞÓR SIGURÐARSON ER VERK-
EFNASTJÓRI ÚTFLUTNINGS HJÁ ALCOA
FJARÐAÁLI. DAVÍÐ ER EINN AF ÞEIM SEM
LENGSTA STARFSREYNSLU HAFNA HJÁ
FYRIRTÆKINU EN HANN HÓF STÖRF
Í INNKAUPATEYMI ÞESS ÁRIÐ 2006.
HANN FLUTTIST ÞAÐAN YFIR Í FJÁR-
MÁLATEYMIÐ EN HEFUR VERIÐ Í STEYPU-
SKÁLANUM UNDAFARIN FIMM ÁR.

Á málþingi um ál sem hráefni til afurðavinnslu hér
á landi sem haldið var á Reyðarfirði í ágúst flutti Davíð
erindi um álið frá Fjarðaáli þar sem hann fræddi áheyr-
endur um helstu vörurnar sem framleiddar eru í álver-
inu og erlenda viðskiptavinum fyrirækisins.

„Við framleiðum fjórar tegundir vöruflokka á þremur
framleiðsluvélum sem eru í steypuskálanum. Þessir
vöruflokkar eru hleifar og T-barrar úr hreinu áli sem
kemur í raun beint úr kerskála og er steypit í fast form.
Hinir vöruflokkarnir tveir eru melmisstangir og vír sem
framleiddir eru fyrir ákveðna viðskiptavinum okkar sem
eru flestir í Evrópu. Þetta eru mjög kröfuharðir við-
skiptavinir sem sækjast eftir mismunandi eiginleikum í
vörunni sem þeir kaupa og því eru uppskriftir í álblönd-
unum misjafnar eftir því hvaða viðskiptavinur á í hlut“,
segir Davíð.

Melmisstangirnar fara að langmestu leyti til felgu-
framleiðenda fyrir evrópskan bílaiðnað og vírinn fer til
eins helsta framleiðanda heims á sviði rafmagnskapla.
Hleifarnir og barrarnir fara hins vegar til viðskiptavina
sem bræða þá til framleiðslu á ýmsum vörum. Þeir fara
til dæmis í potta og pönnur svo dæmi sé tekið. Einn við-
skiptavinur okkar framleiðir íhluti í bremsubúnað
á bílum og svona mætti lengi telja.“

Davíð segir að álið frá Fjarðaáli komi í mörgum tilvikum
aftur heim til Íslands og þá í formi fullunninna vara.
Dæmi um það séu álfelgur undir mörgum vinsælum
bílum. „Þær eru meðal annars undir Mercedes-Benz,
BMW og mörgum öðrum bíltegundum. Síðan má nefna
rafmagnskapla sem RARIK keypti til landsins og lagði
í jörðu á Vopnafirði til að tengja aðveitustöðina við

fiskimjölverksmiðju HB Granda á staðnum. Rafmagns-
kaplar úr áli frá Fjarðaáli liggja víðar á Austurlandi.“

Hjá Fjarðaáli vinna sérfræðingar fyrirtækisins m.a.
að vöruþróun í samvinnu við viðskiptavinum álvorsins.
„Já, frá árinu 2007, þegar við hófum framleiðslu á vír,
hafa þeir aðallega farið í gerð á jarðstrengjum og í
háspennulínur. En 2013 byrjuðum við að þróa nýja víra-
tegund með einum af viðskiptavinum okkar sem dregin
er mjög niður í þvermáli, allt niður í 0,3 mm til 0,5 mm.
Þessi vírategund er að ryðja sér til rúms í bílaiðnaði þar
sem vírinn er notaður í rafkerfi bílanna. Á þessu sviði
sem öðrum, bæði í bílaiðnaði og flugvélaframleiðslu,
er alltaf verið að leitast við að létta farartækina. Álið er
ekki bara notað á sífellt fleiri stöðum í yfirbyggingu og
undirvagni bíla heldur einnig í rafkerfum í stað kopars
því álið er bæði léttara og ódýrara. Það er því afar
hentugt hráefni á fjölmörgum sviðum“, segir Davíð um
vöruþróun fyrirtækisins.

Hér á landi er að vakna áhugi á innlendri framleiðslu
úr íslensku áli. Málstofan á Reyðarfirði sem hér var
nefnd er eitt dæmi um þann áhuga. Í kjölfar hennar
var ákveðið að stofna faghóp áhugasamra fyrirtækja,
stofnana og einstaklinga á Austurlandi um hráefnið
ál. Markmið hópsins verður að skoða hvaða tækifæri
eru í umhverfinu og koma með hugmyndir að verk-
efnum sem stuðlað gætu að aukinni áframvinnslu á áli
á Austurlandi.

Davíð sýnir dæmi
um afurðir úr áli á
fundum á Reyðarfirði.



Kristbjörg Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri Vínna Vatnajökuls.



Horft til Hvannadalshnjúks frá Skaftafellsheiði. Ljós m. Sveinn Þórður Birgisson

Alcoa er helsti fjárhagslegi bakhjarl Vínna Vatnajökuls

ÁHUGAVERT HVERSU MÖRGUM MIKILVÆGUM VERKEFNUM HEFUR VERIÐ Hrint í Framkvæmd

ALCOA FJARÐAÁL HEFUR VERIÐ EINN AÐALSTYRKTRARÐILI HOLLVÍNASAMTAKA VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS, VÍNA VATNAJÖKULS, FRÁ STOFNUN ÞEIRRA ÁRIÐ 2009 OG VEITTI FYRIRTÆKIÐ SAMTÖKUNUM FYRSTA STYRKINN Í ÁGÚST 2010.

Alls hefur Fjarðaál styrkt Vini Vatnajökuls um á fjórða hundrað milljónir króna og er fyrirtækið langstærsti einstaki fjárhagslegi bakhjarl samtakanna með árlegu framlagi.

Fjárveitingarnar nýta hollvínasamtökin til að styrkja rannsóknir, kynningar– og fræðslustarf til að stuðla að því að sem flestir geti notið Vatnajökulspjóðgarðs. Vínir Vatnajökuls styrkja einnig verkefni sem geta stuðlað að samspili þjóðgarðsins og grenndarsamfélaga hans og geta eftt samkennd landsmanna um mikilvægi þjóðgarðsins fyrir nærliggjandi byggðir.

Fyrr á þessu ári tóku Vínir Vatnajökuls í notkun nýja og glæsilega vefsíðu og segir Kristbjörg Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, að þar sé hægt að skoða og kynna sér öll verkefni sem samtökin hafa styrkt. „Þau gefa glögga mynd af því hversu óhemjumörgum einstaklingum og félagasamtökum Vínir Vatnajökuls hafa gert kleift að hrinda verkefnum sínum í framkvæmd,“ segir Kristbjörg. Hér skal þó aðeins nefnt eitt verkefni sem unnið var á Austurlandi.

SKREIÐARFLUTNINGAR UM VATNAJÖKUL Verkefnið fólst í skoðun á nánasta umhverfi Skriðuklausturs og tengslum þess og sambúð við Vatnajökul. Greindar voru helstu reið- og gönguleiðir frá Skriðuklaustri að jöklinum með hjálp munnmæla, ritaðra heimilda og fornleifa. Samhliða þessu fór fram frekari greining á fiskbeinum sem grafin voru upp úr rústum klaustursins á árunum 2008-2011 til að varpa frekara ljósi á skreiðarflutninga yfir jökulinn á 16. öld. Í lokaskýrslu til Vínna Vatnajökuls frá Steinunni Kristjánsdóttur sem var í forsvari fyrir verkefninu segir

m.a. en skýrsluna má lesa á heimasíðu Vínna Vatnajökuls: „Staðsetning Skriðuklausturs innst inni í Fljótsdal hefur löngum verið fræðimönnum hulin ráðgáta, því klaustur voru ætíð staðsett í alfaraleið vegna hlutverks þeirra sem opinberra þjónustustofnana. Í þeim voru gjarnan reknir spítalar og ölmusuhús, enda var þeim ætlað að þjóna almenningi og veita þeim hútaskjól sem þess þurftu sem ferðalangar, fátækir eða sjúklingar. Það var svo greining fiskbeina, sem fundust við fornleifarannsóknina á klaustrinu árin 2002-2007, sem leiddi fræðimenn á sporið um það hvers vegna því var valinn staður svo innarlega í dalnum – að því er virðist úr alfaraleið. Í ljós kom að megnið af þeim fiski sem barst í klaustrið hafði verið veiddur sunnan Horns. Var þessi ályktun dregin af því að í beinasafninu var mestmegnis að finna bein úr stórborski, ufsa og löngu sem halda sig eingöngu í hlýrri sjó við suður- og vesturströnd landsins.

Við frekari skoðun kom síðan í ljós að Skriðuklaustur átti stóran hlut í Borgarhöfn þar sem ein stærsta verstöð landsins á miðöldum var rekin. Það þótti því ljóst að fiskurinn var kominn þaðan. Þegar hugað var nánar að flutningaleiðum á aflanum í klaustrið kom í ljós að notast var við löngu hofna leið yfir Vatnajökul á milli Suðursveitar og Fljótsdals. Þessi leið lokaðist um miðja 18. öld í kjölfar kólnandi veðurfars og varð það síðar til þess að Austfirðingafjórðungur var minnkaður um helming.

Áður en leiðin lokaðist náði fjórðungurinn yfir báðar Skaftafellssýslurnar en afmarkast nú við norðan-

verðan jökulinn. Þessi gleymda leið sýndi enn fremur að Skriðuklaustur var á rekstrartíma þess, frá 1493-1554, í alfaraleið eins og önnur klaustur. Þetta var jafnframt sú leið sem almennt var farin þegar farið var af Héraði, jafnvel Norður- og Austurlandi öllu, og suður á land. Á Skriðuklaustri var hægt að koma við, gista og þiggja ölmusu áður en haldið var á jökulinn eða komið af honum. Er þetta í samræmi við aðrar niðurstöður úr fornleifarannsókninni sem sýndi að í klaustrinu á Skriðu var rekið gistihús og spítali.“

Á árinu létu Vínir Vatnajökuls útbúa nýtt kynningarefni um svæðið norðan Vatnajökuls þar sem m.a. var bætt við upplýsingum um Holuhraun og fleira.



KONAN Á BAK VIÐ TJÖLDIN



AÐALHEIÐUR VILBERGSDÓTTIR ER AÐ-
STOÐARMAÐUR FORSTJÓRA ALCOA
FJARÐAÁLS OG ÞÓTT HÚN SÉ UNG ER HÚN
ANNAR AF „ELSTU“ STARFSMÖNNUM
FYRIRTÆKISINS. ÞAR SEM SAGA FJARÐA-
ÁLS HEFUR VERIÐ SAMOFIN LÍFI AÐAL-
HEIÐAR UNDAFARINN ÁRATUG ER FRÓÐ-
LEGT AÐ HEYRA HVERNIG LÍFSREYNSLA
ÞAÐ HEFUR VERIÐ AÐ SJÁ FYRIRTÆKIÐ
VERÐA TIL, EFLAST OG DAFNA.

Í hverju felst starf Aðalheiðar í dag? „Ég aðstoða for-
stjóra með alls kyns mál,“ segir hún, „og aðstoða líka
aðra í framkvæmdastjórn fyrirtækisins, hvort sem
það er í tengslum við forstjóran eða ekki. Svo sinni ég
mörgu öðru, til dæmis hef ég umsjón með jólagjöfum
starfsmanna.“ Aðalheiður er hógvær þegar við spyrjum
hana um önnur verkefni og segist vera með fingurna
hér og þar. En er hún ekki í raun manneskjan bak við
tjöldin? „Tja, ég vinn ýmislegt án þess að fólk átti sig
á því, ég redda því sem redda þarf og þarf stundum að
hlaupa hratt. Sum málefni eiga hvergi heima og skipta
kannski ekki máli í rekstri verksmiðjunnar en eru mikil-
væg samt sem áður, til dæmis jólin, það þarf að sjá til
þess að jólaskreytingar fari upp og eins að passa upp
á að allt sé til staðar fyrir móttöku gesta.“

ÁHUGAVERÐUR TÍMI

Aðalheiður er ein af tveimur starfsmönnum Fjarðaáls
með lengstan starfsferil hjá fyrirtækinu. Á síðustu
árshátíð fyrirtækisins fengu þær tvær, hún og Guðný
Björg Hauksdóttir framkvæmdastjóri mannauðsmála,
viðurkenningu fyrir tíu ára starf í þágu fyrirtækisins.
Hvað finnst henni um þennan áratug hjá fyrirtækinu?
„Þessi tími er búinn að vera mjög áhugaverður og
skemmtilegur að mörgu leyti, þótt ýmsir örðugleikar
hafi líka komið upp. Þannig er það hjá flestum fyrir-
tækjum: lítið að gera og mikið að gera. Oftast hef ég
reyndar mikið að gera!“

Hvenær hóf hún störf og hvernig var starfslýsingin
í upphafi? „Ég var ráðin sem eins konar skrifstofu-
maður. Þá var skrifstofan við Búðareyri 3 sem í dag
er Sómasetrið, aðsetur starfsmannafélagsins. Þetta
hafði um árabíl verið Landsbankahúsið og Landsbank-
inn var enn á miðhæðinni. Við vorum á efri hæðinni og
mitt starf fólst í almennri umsjón með skrifstofunni.
Ég var starfsmaður númer sex. Það þurfti að sjá um
símann og kaupa síma, redda internettengingum – það
var allt á frumstigi – samskipti út á við og hvaðeina.
Þá var búið að ráða Tómas Må Sigurðsson þáverandi
forstjóra og Guðnýju sem er núna starfsmannastjóri
og nokkra til viðbótar sem starfa ekki lengur hjá okkur.
Ég aðstoðaði stjórnendur við að koma batteríinu í
gang. Það voru endalausir fundir út um allt og svo

tókum við á móti stórum hópum af starfsmönnum.
Og ekki má gleyma „ex-pöttunum“ svokölluðu innan
Alcoa sem komu til Fjarðaáls frá Bandaríkjunum og
Kanada til að hjálpa til við gangsetninguna. Þeir komu
með fjölskyldur og voru hérna í tvö ár. Ég sá um að
standsetja húsnæði fyrir þetta fólk og ég gleymi seint
innkaupaferð í IKEA í þeim tilgangi. Innkaupalistinn var
ansi langur!“

HEFÐI EKKI KOMIÐ AUSTUR AFTUR

Aðspurð hvernig hafi svo gengið að koma skrifstof-
unni fyrir á álverslóðinni segir Aðalheiður: „Ég slapp við
það, þar sem ég var í fæðingarorlofi! Stundum sakna
ég þess að hafa ekki verið með í flutningunum vegna
þess að margir hlutir týndust.“ Þegar Aðalheiður hóf
störf áttu hún og eiginmaður hennar, Óskar Jónsson,
einn dreng en þau hafa síðan bætt tveimur öðrum
í hópinn. Þannig vill til að Óskar vinnur einnig hjá
Fjarðaáli, ásamt systur Aðalheiðar, Hörpu, hennar
eiginmanni og fjölmörgum ættingjum. Hvernig skyldi
það vera fyrir Aðalheiði og eiginmanninn að vinna á
sama vinnustaðnum? „Við upplifum eiginlega ekki að
við séum á sama stað,“ segir hún. „Hann vinnur annars
staðar í fyrirtækinu svo við finnum ekkert fyrir því að
þetta sé eitthvað mál.“

Ungu hjónin bjuggu í Reykjavík þegar samningaum-
ræður varðandi álverið stóðu yfir. Hann hafði nýlokið
námi sem iðnaðartækniþræðingur og þau bjuggust ekki
við að fá vinnu fyrir austan, en þegar samningar höfðu
verið undirritaðir, sáu þau tækifæri. „Ég er ekki svo
viss um að við hefðum komið austur ef það hefði ekki
verið,“ segir Aðalheiður. „Við hefðum sennilega komið
okkur fyrir á Reykjavíkursvæðinu.“

Á ÖXLUNUM Á TÓMASI

Hvað skyldi standa upp úr eftir tíu ára vinnu við upp-
byggingu eins stærsta fyrirtækis á Íslandi? Aðalheiður
kveður það erfitt að benda á einstaka atriði en segir:
„Mér finnst mjög eftirminnilegt þegar maður sat í
gámunum sem stóðu við þjóðveginn, fyrir ofan þar
sem álverið var að rísa. Þá var ég ófrísk og þessi tími
er hálfgerð í móðu. Við höfðumst við í vinnubúðum og
við lifðum á Sómasamlökum, því mótuneytið var ekki
komið. Það sat hver ofan í öðrum, ég var nánast á öxl-
unum á Tómasi. Við vorum með eitt skipulagsherbergi,
þar sem rafveitan er núna, sem við kölluðum „War
Room“ en enskan var auðvitað ríkjandi. Þar voru blöð,
teikningar, skipulagsmál og annað upp um alla vegg.
Þarna hittust menn og þar gerðust hlutirnir. Ég var
kasólétt og þurfti að skrölta á bíl frá okkar gámi og
þangað niðureftir með ýmis gögn og skjöl en lét mig
hafa það. Bumban skagaði langt út úr Alcoa úlpunni
sem ég fékk lánaða – allt of stór, og svo þurfti hjálml,
gleraugu og öryggisskó. Ég var eins og drukkin,
risastór bangsi að kjaga inn og út úr bílnum.“

TEKUR ÞÁTT Í SKAPANDI FRUMKVÖÐLASTARFI

Hvað finnst þessari ungu og kraftmiklu konu skemmti-
legast við vinnuna í dag? „Ég þarf að fást við ýmsa
hluti sem eru reglulegir en svo koma líka álagstímar,
til dæmis styrkúthlutun.“ Tvisvar sinnum á ári auglýsir
Fjarðaál eftir umsóknum um samfélagsstyrki „Það
veitir mér ánægju að taka þátt í sköpun og frumkvöðla-
starfi með því að hafa umsjón með afgreiðslu umsókn-
anna. Ég tek ekki beint ákvörðun um það hverjir hljóta
styrk en þetta er skemmtileg hlið á starfinu mínu: að
vinna bak við tjöldin að því að veita innspýtingu
í samfélagsverkefni. Það er mín hugsjón að sjá sam-
félagið blómstra hérna fyrir austan.“ Aðalheiður nefnir
líka einstaka viðburði í sögu álversins, t.d. þegar fimm
ára afmæli þess var haldið og þegar kersmiðjan opnaði
en eins og gildir um marga stórvíðburði á þessum rúma
áratug, þurfti hún að halda vel á spöðunum varðandi
skipulagningu.

VIRK Í FÉLAGSMÁLUM

Aðalheiður er þekkt meðal samstarfsmanna fyrir að
þrífast best þegar hún hefur nóg að gera og hún viður-
kennir það fúslega. Fyrir utan vinnuna hjá Fjarðaáli er
hún virk í félagsmálum, m.a. vegna drengjanna sinna
þriggja. Hún hefur verið formaður ungmennafélagsins
Vals frá árinu 2013 og gegnir enn þeirri stöðu. „Ég reyni
að þróa og bæta starfið þar eftir bestu getu,“ segir
hún. „Ég er íþróttamanneskja sjálf og hef alltaf verið
viðloðandi þær.“ Einnig er hún virk í Slysavarnardeildinni
Ársól sem almennur félagsmaður. Síðast en ekki síst
hefur hún komið að stjórnmálum. „Ég er nú ekki á kafi í
því en hef tekið að mér nefndarstörf. Mér finnst samt
pólitík ákaflega skemmtileg þótt ég hafi ekki kastað
mér út í hana.“

GAMALT PRAKKARASTRIK RIFJAFÐ UPP

Aðspurð um skemmtilega sögu frá þessum viðburða-
ríka áratug frá því hún hóf störf fyrir Fjarðaál segir
Aðalheiður hlæjandi: „Kannski eiga sumar sögur ekki
erindi við alla. En hér er ein skemmtileg. Við vorum í
gámunum og það voru ekki komnir margir starfsmenn
á póstlista Fjarðaáls í Outlook, kannski níutíu manns
eða færri. Þegar Tómas forstjóri átti afmæli, þá sendi
ég póst á alla nema hann. Ég sagði frá því að hann ætti
afmæli og allir ættu að gefa honum knús, og sendi
mynd af honum með. Hann fór svo sína daglegu ferð
um svæðið og kom eitt spurningarmerki til baka: hann
áttaði sig ekki á því af hverju allir vissu að hann ætti
afmæli. Þá höfðu starfsmenn tekið þessu svona vel,
gefið honum klapp á bakið og óskað honum til hamingju
með afmælið. Hann var alveg undrandi á þessu,“
segir Aðalheiður og hlær. Þrátt fyrir uppátækið hefur
aðstoðarmaður forstjóra staðið af sér alla storma í
þessi tíu ár og sú staðreynd kemur fáum á óvart hjá
Fjarðaáli.

Jón Tryggvason, áhugaljósmyndari

KONUR Í ÁLVERI LJÓSMYNDASÝNING Í TILEFNI 100 ÁRA KOSN- INGA AFMÆLIS KVENNA



Jón hefur starfað hjá Fjarðaáli frá árinu 2008. Hann hefur haft áhuga á ljósmyndum síðan hann var unglingur. Áhuginn var fyrst á landslagsljósmyndum en hefur nú færst meira yfir í að taka myndir af fólki.

Alcoa Fjarðaál hefur frá upphafi lagt áherslu á jafnt hlutfall kynja innan fyrirtækisins og mun hvergi hvika frá þeirri stefnu. Konurnar sem starfa hjá fyrirtækinu sinna fjölbreyttum störfum og vinna að krafti að uppbyggingu og þróun stærsta fyrirtækis á Austurlandi. Myndir Jóns sýna fjölbreyttan hóp kvenna sem eiga það sameiginlegt að vinna á álverslóðinni við Reyðarfjörð. Sumar eru starfsmenn Fjarðaáls og aðrar vinna hjá verktökum á svæðinu. Með linsunni hefur Jón fangað konurnar frá ýmsum hliðum og myndir hans endurspeglar þann styrkleika og kraft sem býr í konunum okkar.



HARPA VILBERGSDÓTTIR
Innkaupafulltrúi í innkaupateymi.

Fyrirtæki: Alcoa Fjarðaál.
Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Byrjaði 1. mars 2007 svo það eru komin átta ár og tæpir fjórir mánuðir til viðbótar.
Fjölskylduhagir: Gift. Við eigum tvo drengi, Berg Kára, sex ára og Fannar Frey, þriggja og hálf s mánaða.
Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Þetta eru búin að vera góð átta ár hjá fyrirtækinu. Fjölbreytt vinna sem ég hef unnið hér en alla tíð hefur hún farið fram á skrifstofunni. Ég er búin að fá skemmtileg og þroskandi tækifæri við vinnuna og til náms. Svo má ekki gleyma öllu því frábæra fólki sem ég hef unnið með.
Af hverju halda sumir að þetta sé karlavinna: Vegna þess að þetta er iðnaðar-fyrirtæki og viðhorf margra er að þetta sé skítug erfiðisvinna.

Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tækni-störfum: Það mætti auka kennslu í tengdum greinum. Svo þyrfti að sýna að þetta snúist ekki bara um vélar og tæki eða að vera í drullugallanum, gera störfina sem konur vinna meira áberandi.
Hvar sérðu þig eftir 10 ár: Eftir 10 ár verð ég kona á blómaskeiði lífsins. Þá er tímabært að segja upp örygginu í 8-16 vinnunni og láta drauminn um eigin rekstur rætast. Þegar ég var yngri þá langaði mig alltaf að stofna minn eigin veitingastað eða kaffihús, jafnvel sælkeraverslun eða bókabúð. En svo spyr kona sig hvers vegna þetta ætti að gerast eftir einhvern ákveðinn tíma, af hverju að bíða? Lífið er hverfult og ekki sjálfgefið að vakna og vera heilbrigður næsta dag, mánuð eða ár. Það á því ekki að bíða með það lengi að láta drauma sína rætast.

WIOLETTA RYMON LIPINSKA
Vinn við ræstingar í Miðgarði.

Fyrirtæki: Fjarðaþríf.
Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Rúm sjö ár á álverssvæðinu, er búin að vera í 11 ár á Íslandi.
Fjölskylduhagir: Ég er í sambúð og á tvö börn og eitt á leiðinni.
Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Mér finnst mjög gaman að vinna inni á Miðgarði, þar er góður hópur og ávallt glatt á hjalla.
Hver er draumurinn: Mig langar að mennta mig í framtíðinni og hafa nægan tíma til að sinna fjölskyldunni. En mig myndi samt ekki langa til að hætta að vinna, mér finnst vinnan svo skemmtileg.



RUTH ELFARSDÓTTIR
Framkvæmdastjóri fjármála.

Fyrirtæki: Alcoa Fjarðaál.
Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Síðan í ágúst 2005 þannig að þetta eru að verða 10 ár.
Fjölskylduhagir: Ég á mann og tvö yndisleg börn.
Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Það sem kemur fyrst upp í hugann þegar ég er spurð að þessu er: Fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt.
Af hverju halda sumir að þetta sé karlavinna: Halda sumir það í alvörunni? Er það ekki bara einhver mýta?
Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tækni-störfum: Ég held að hér hjá okkur skipti til dæmis miklu máli að huga að breytingum á vaktakerfi svo vaktavinnustörfin séu fjölskylduvænni. Svo er mikilvægt að samfélagið styðji við að foreldrar sinni störfum af þessu tagi með því að koma til móts við þá með fjölbreyttu menntakerfi og félagsstarfi.
Hver er draumurinn: Mig hefur alltaf dreymt um að ferðast til ókunnra landa og hafa nægan tíma til að sökkva mér í nýja menningarheima.

GUÐLAUG MARGRÉT
JÓHANNSDÓTTIR
Framleiðslustarfsmaður í kerskála.

Fyrirtæki: Alcoa Fjarðaál.
Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Ég er búin að vera hérna í sex mánuði.
Fjölskylduhagir: Í sambúð.
Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Mér finnst það mjög gaman.
Af hverju halda sumir að þetta sé karlavinna: Örugglega af því að hún getur verið skítug og erfið en það er þó alls ekki ástæða til þess að þetta sé bara karlavinna.
Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tækni-störfum: Ég held það þurfi að kynna fyrir þeim þessi störf og hætta með frasa eins og „karlmannsverk“.
Hvar sérðu þig eftir 10 ár: Að gera eitthvað frábært, komumst að því seinna hvað það er. Helst eitthvað þar sem dýr eiga hlut að máli.





HELGA DRÖFN RAGNARSDÓTTIR

Vélvirkjanemi í steypuskála.

Fyrirtæki: Alcoa Fjarðaál.

Hvað ertu búin að vinna hérna lengi:

Í fjögur ár.

Fjölskylduhagir: Í sambúð og á eina dóttur

sem verður tveggja ára í september.

Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Mér finnst yfirleitt gaman að vinna hérna.

Af hverju halda sumir að þetta sé karla-

vinna: Þetta var alltaf talið karlavinna hér í denn en er það svo sannarlega ekki. Þetta er skemmtileg vinna og öðruvísi en flestir halda.

Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tæknistörfum:

Mér finnst að til að fá fleiri konur í iðnaðar-störf þurfi að kynna það miklu betur fyrir krökkunum á meðan þau eru ennþá í grunn-skóla. Fræða þau um hvernig vinna þetta er og auka áhugann á meðan þau eru ennþá að móta skoðanir á því hvað þau vilja læra.

Hver er draumurinn: Draumurinn er að klára

tæknifræði og vinna við það í framtíðinni.



RÓSA DÓRA SIGURÐARDÓTTIR

Framleiðslustarfsmaður í kerskála.

Fyrirtæki: Alcoa Fjarðaál.

Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Meira og minna síðan 2008.

Fjölskylduhagir: Í sambúð.

Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Fínt og töff

Af hverju halda sumir að þetta sé karla-vinna: Að mínu mati heldur fólk að þetta sé karlavinna vegna þess að það eru stór vinnu-tæki í álverinu s.s. brúkranar og stórir bílar. Vinna af því tagi hefur meira verið kennd við karlmenn.

Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tækni-

störfum: Sýna að við konur getum alveg sinnt „karlastörfum“ jafn vel og karlmenn þótt að við séum ekki líkamlega jafn sterkar og þeir.

Hvar sérdú þig eftir 10 ár: Eftir 10 ár verð ég vonandi búin að stofna fjölskyldu og draum-urinn er að vinna sem iðjupjálfi hjá Fjarðaáli en ég útskrifaðist sem slíkur frá HA árið 2014.



PAULINA ZIELINSKA

Leiðtogi í vöruhúsi.

Fyrirtæki: Brammer.

Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Er búin að vinna hjá Brammer síðan 2012 en flutti til Íslands árið 2007.

Fjölskylduhagir: Systir mín býr hér líka og vinnur í kerskálanum hjá Fjarðaáli.

Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Það að fá vinnu inn á svona stórum vinnustað eins og á álverslóðinni er eitt það besta sem hefur hent mig. Ég hélt áður að ég gæti ekki unnið vinnu af þessu tagi, ég væri ekki nógu sterk og að ég myndi ekki passa inn í hópinn. En ég hef sannað hið gagnstæða og í dag er ég ekki hrædd við áskoranir og ég held aldrei að ég geti ekki unnið eitthvað starf af því að ég er kona. Það er einmitt öfugt, ég get það af því að ég er kona, sterk, sjálfstæð og sjálförugg.

Finnst þér erfitt að vinna þetta starf: Í hvert skipti sem ég fæ nýtt, ögrandi verkefni sem gæti orðið til þess að fólk efast um að ég valdi því nota ég skemmtilegan frasa sem ég lærði þegar ég flutti til Íslands: „Ekkert mál fyrir Jón Pál!“ Fólk hlær að þessu en veit að ég ætla ekki að skorast undan verkefninu. Ég er umkringd frábærum vinnufélögum, aðallega körlum og ég er þeim þakklát fyrir að efast aldrei um mig. Þetta er búin að vera prófraun sem ég tel mig hafa staðist og ég er tilbúin í meira!

Hvar sérdú þig eftir 10 ár: Reynslan sem ég hef unnið mér inn hér er eitthvað sem ég mun ávallt búa að. Skiptir ekki máli hvort það líða 5, 10 eða 20 ár. Ég er síðustu ár búin að vera að vinna við eitthvað sem gerir mig hamingjusama, ég er ekki í skugganum af neinum. Ég hef mörg og stór plön fyrir framtíðina en við sjáum hvað setur.

MARÍA ÓSK KRISTMUNDSDÓTTIR

ABS sérfræðingur.

Fyrirtæki: Alcoa Fjarðaál.

Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Í níu ár.


Fjölskylduhagir: Gift og á tvö börn.

Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Hér er gott að vinna. Vinnan mín er alltaf krefjandi og gefandi. Hér eru endalaus tækifæri til að þróast og þroskast og kynnast nýju og skemmtilegu fólki.

Af hverju halda sumir að þetta sé

karlavinna: Samfélagið hefur miklu meiri áhrif á okkur en við höldum. Við erum með fyrirfram mótaðar hugmyndir af því hvernig við „eigum“ að vera sem koma lengst aftur úr fortíðinni. Þessar staðalmyndir snúast oftast um að konan eigi að sinna börnum og sýna „mjúku“ hliðina á meðan karlinn fer út til að vinna fyrir fjölskyldunni og sýna „hörðu“ hliðina. Fólk lítur stundum á Fjarðaál sem „harðan heim“ því hér er líkameg vinna og þarf mikla tæknilega þekkingu. Hinsvegar geta konur alveg unnið líkamlega vinnu og haft mikla tækniþekkingu en það er auðvitað einstaklingsbundið. Sumir karlar geta ekki unnið líkamlega vinnu og hafa ekki mikla tækniþekkingu. Sama gildir í kvennastéttum. Leikskólakennarar eru að stórum hluta konur vegna þess að það er „mjúkur heimur“, vegna þess að samfélagið og hugsanangangurinn okkar er ekki kominn lengra en þetta.

Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tækni-störfum: Það þarf að brjóta staðalmyndirnar um kvenna og karlastörf og ýta okkur konum aðeins út fyrir þægindarammann. Þetta er aðeins gert með stöðugri vinnu í því í atvinnuauglýsingum, í starfskynningum og á öllum skólastigum. Þetta er hæg þróun sem við hjá Fjarðaáli þurfum að leiða.



TENNA ELÍSABET MAGNÚSDÓTTIR.

Framleiðslustarfsmaður í kerskála.

Fyrirtæki: Alcoa Fjarðaál.

Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Er búin að starfa inni á svæðinu með hléum í nokkur ár með skóla en færði mig yfir til Alcoa í maí á þessu ári eftir rúmt ár hjá VHE.

Fjölskylduhagir: Er í sambúð og á stelpu sem er tveggja og hálfis árs.

Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Ég elska að vinna hjá Fjarðaáli af því vinnan er skemmtileg og launin góð.

Af hverju halda sumir að þetta sé karla-

vinna: Af því að það er unnið mikið á vinnu-vélum og fólk verður svolítið skítugt.

Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tæknistörfum:

Eitt af því sem hjálpar til að auka áhuga kvenna á þessum störfum er til dæmis ljós-myndasýning eins og þessi.

Hver er draumurinn: Ég er í vélstjórnarnámi núna og draumurinn er að vinna við stjórnun til dæmis í viðhaldsteymi Alcoa Fjarðaáls.



BARBARA IZABELA KUBIELAS

Framleiðslustarfsmaður í kersmiðju.

Fyrirtæki: VHE.

Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Tvö og hálf t ár.

Fjölskylduhagir: Ég á kærasta og fjögurra ára dóttur.

Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Þetta er mjög góður vinnustaður. Ég vinn með fjöl-breyttum og skemmtilegum hópi fólks og það gefur mér sífellt nýja sýn á lífið.

Af hverju halda sumir að þetta sé karla-vinna: Því þetta er erfið vinna og langur vinnu-dagur. Sumir halda að það sé betra þegar kona er heima með börnunum.

Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tækni-störfum: Það væri betra að hafa styttri vinnu-dag og fimm daga vinnuviku. Það er erfitt fyrir konur með lítil börn að vinna á næturvöktum.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár: Ég vil vera ham-ingjusöm og heilbrigð í faðmi fjölskyldunnar. Ég plana ekki 10 ár fram í tímann heldur lifi frá ári til árs og nýt hvers einasta dags!



SNÆDÍS BIRTA HÖSKULDSDÓTTIR

Framleiðslustarfsmaður í kerskála í sumar.

Fyrirtæki: Alcoa Fjarðaál.

Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Þetta er annað sumarið mitt, svo var ég smá um jólin líka.

Fjölskylduhagir: Enn ung og barnlaus.

Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Það er bara flnt. Getur stundum verið erfitt en maður verður bara sterkari fyrir vikið.

Af hverju halda sumir að þetta sé karla-vinna: Stereótýpur. Þetta er erfið vinna með mikilli hreyfingu og stundum þarf að lyfta þungum hlutum. Þá halda sumir að við kon-urnar séum ekki nógu sterkar og öflugar til að ráða við það en konurnar sinna þessu starfi alveg jafn vel og karlarnir, stundum jafnvel betur. Ég veit allavega um nokkrar ofurkonur í kerskálanum.

Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tæknistörfum: Sanna fyrir konum að við getum þetta alveg. **Hvar sérðu þig eftir 10 ár:** Mig langar að flytja eitthvert út, helst til Danmerkur. Þá verð ég búin að læra flugmanninn og mun vinna við það að fljúga um allan heim. Mig langar líka til að vera eignast börn þar sem ég er mjög mikil barnamanneskja.



INGIBJÖRG KARLSDÓTTIR

Framleiðslusérfræðingur í steypuskála.

Fyrirtæki: Alcoa Fjarðaál.

Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Frá maí 2010.

Fjölskylduhagir: Ég er gift.

Hvernig finnst þér að vinna í álveri:

Fjölbreytt og skemmtilegt.

Af hverju halda sumir að þetta sé karla-vinna: Ég trúi því ekki að það séu margir sem halda það, en kannski er það vegna þess að við erum í vinnugalla, með stáltá og hjálm.

Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tæknistörfum: Ég tel mikilvægt að kynna tækni- og iðnaðar-störf fyrir grunnskólabörnum og opna augu þeirra fyrir þessum greinum.

Hver er draumurinn: Draumurinn er að ferð-ast um framandi slóðir.



BÁRÁ PÉTURSDÓTTIR

Viðgerðarmaður á Miðgarði.

Fyrirtæki: Launafl.

Hvað ertu búin að vinna hérna lengi: Síðan í október 2014.

Fjölskylduhagir: Einstæð móðir með eitt barn.

Hvernig finnst þér að vinna í álveri: Mér finnst mjög flnt að vinna hérna, frábær starf-sandi á Central og yndislegt samstarfsfólk.

Af hverju halda sumir að þetta sé karla-vinna: Kannski eru það karlrembustælar? Nei, segi svona, ætli það sé ekki bara ímyndin sem margir hafa af þessum störfum, að þetta sé svo skítug vinna sem það er reyndar ekki.

Hvað þarf að gera að þínu mati til að fleiri konur fái áhuga á iðnaðar- og tækni-störfum: Ég held að konur þurfi bara að fá að kynnast þessum störfum betur til þess að fá áhuga fyrir þeim, þær þurfa að geta fíktað sig áfram og prufað.

Hver er draumurinn: Draumurinn er að læra vélstjóránn og klára hann með trompi. Ég er búin að skrá mig í skóla svo að þetta er allt á réttri braut. Eftir 10 ár sé ég mig sem fullmenntaðan vélstjóra og að vinna við það, hvort sem það verður hér á Miðgarði eða einhversstaðar annarsstaðar. Vona samt að það verði hérna af því að ég kann rosalega vel við mig á þessum vinnustað.



MIKILVÆGT AÐ LEITA SÉR RÁÐA Í BYRJUN OG SETJA SÉR RAUNHÆF MARKMIÐ

MATTHÍAS HARALDSSON ÖRYGGISSTJÓRI
OG VALGERÐUR VILHELMSDÓTTIR, SÉR-
FRÆÐINGUR Í MANNAUÐSTEYMI ALCOA
FJARÐAÁLS, SITJA Í HEILSUEFLINGAR-
NEFND FJARÐAÁLS. Í NEFNDINNI ERU SEX
STARFSMENN FJARÐAÁLS OG ER HLUT-
VERK HENNAÐ FRÆÐA STARFSMENN
FYRIRTÆKISINS UM HOLLA LÍFSHÆTTI
OG HVETJA ÞÁ TIL AUKINNAR HREYF-
INGAR OG HOLLUSTU Í MATARÆÐI.

„Við gerum það m.a. með fræðslustarfi, með því að
vekja athygli á þeim viðburðum sem koma að utan frá
Alcoa, t.d. GCC (Global Corporate Challenge) og efna til
okkar eigin viðburða fyrir starfsfólk,“ segir Matthías.

GCC er árleg 100 daga hreyfikeppni starfsmanna Alcoa
um allan heim, frá maí til september, og segir Valgerð-
ur, eða Vallý, eins og hún er oftast kölluð, að í raun
sé um keppni að ræða milli starfsmanna því sett eru
saman eins mörg 7 manna lið og þátttakendur fást í. Því
skapast oft góð stemning og metnaður meðal starfs-
fólks á vinnustaðnum. Matthías og Vallý eru eins og
aðrir nefndarmenn vel til þess fallin að starfa í heilsu-
eflingarnefndinni því hann er íþrótt- og heilbrigðis-
fræðingur að mennt og hún hjúkrunarfræðingur.

ÖLL HREYFING TELUR
Í 100 daga keppninni telur öll hreyfing. Þeir sem velja
göngu eru með skrefamæli á sér og hjólreiðafólk með
viðeigandi kílómetrateljara og svo framvegis. Allt telur:
sund, fjallgöngur, golf og hvaðeina sem einkennir góða
hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl. „Í raun má segja að
átakið feli að mörgu leyti í sér áskorun gagnvart sjálf-
um sér,“ segir Matthías.

HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA
Vallý segir það mikils virði fyrir öll fyrirtæki að
starfsmenn þessi ástundi heilbrigðan lífsstíl. Fyrir-
tæki hafi beinlínis af því ávinning að styðja við öll slík
verkefni því heilbriggt starfsfólk á sál og líkama leiði
til aukinnar framleiðni og minni fjarveru. „Heilbriggt
starfsfólk er líka að jafnaði ánægðara í starfi sem
hefur í för með sér jákvæðari starfsanda og betri
vinnustaðamenningu. Eins og alltaf er það heilbrigð sál
í hraustum líkama sem málið snýst um. Það er marg-
sannað og segir sig eiginlega sjálft,“ segir Vallý.

ÁHUGAVERT FRÆÐSLUSTARF
Með fræðslustarfi sínu gengst heilsueflingarnefndin
m.a. fyrir fjölbreyttu úrvali fyrirlestra um áhugaverð
málefni. Þannig hefur nefndin t.d. fengið lækna í heim-
sókn til að fjalla um lífsstílssjúkdóma og hvernig megi
sporna gegn þeim. Einnig má nefna heimsóknir áhuga-
fólks um tiltekna íþróttir, t.d. þeirra sem prófað hafa
þríþraut og aðrar tegundir spennandi útivistar. Svona
mætti lengi telja.

„Síðan efnum við til eigin viðburða, t.d. tveggja árlegra
ganga, eina fyrir alla fjölskylduna og aðra sem er
meira krefjandi. Í þeim báðum er gengið til styrktar
góðu málefni. Í fjölskyldugöngunni í sumar gekk stór
hópur frá Fáskrúðsfirði inn að Hrutárfossi til styrktar
fæðingardeild Fjórðungssjúkrahússins í Neskaup-
stað og í þeirri seinni var farið í krefjandi fjallgöngu á
Brúðardalsfjall milli Þórudals og Brúðardals til styrktar
Krabbameinsfélagi Austfjarða,“ segir Matthías.

GARPAKEPPNI
Í vor kynnti heilsueflingarnefndin til sögunnar nýtt
verkefni, svokallaða Garpakeppni. Hún var skipulögð
þannig að sl. vetur og fram á vor söfnuðu nefndarmenn
saman á lista öllum viðburðum á landinu sem þau
komust á snoðir um að færu fram í sumar, bæði hér
á nærsvæðinu og viðburðum á landsvísu, svo sem
Reykjavíkurmaraþoni og svo framvegis. „Síðan settum
við saman ákveðin viðmið þannig að ákveðinn fjöldi
viðburða sem starfsfólk tók þátt í gaf viðeigandi titil.
Þannig fengu þeir sem tóku þátt í fimm viðburðum
titilinn Garpur. Þeir sem tóku þátt í tíu viðburðum eru
Ofurgarpar.“ Vallý og Matthías segja enga pressu lagða
á starfsfólk hvað hreyfingu varði því allir þurfi að velja
það sem henti hverjum og einum, hvort sem um er
að ræða val á tegund hreyfingar, fjölda viðburða eða
„magn“ hreyfingar.

HVATT TIL TÓBAKSLEYSIS
Síðast en ekki síst má nefna fræðslu og hvatningu til
tóbaksleysis sem nefndin hefur staðið fyrir. „Starfs-
mönnum hefur staðið til boða að leita til hjúkrunar-
fræðinga Fjarðaáls, fá þar fræðslu, stuðning og eftir-
fylgni og í mörgum tilvikum hefur það borið árangur,“
segir Vallý. Heilsueflingarnefndin gefur auk þess út
heilsupésa þar sem í er m.a. að finna viðtöl við þá sem
hætt hafa tóbaksnotkun og fólk sem hefur breytt
algerlega um lífsstíl, létt sig með breyttu mataræði og
aukinni og reglubundinni hreyfingu.

BYRJA HÆGT OG RÓLEGA
Vallý og Matthías segja að fyrir þá sem eru að byrja sé
skynsamlegt að leita ráða í byrjun. „Það er mikilvægt
að fólk fari ekki of geyst í upphafi, byrji frekar rólega
en auki síðan hreyfinguna smám saman í samræmi við
vaxandi þjálfun. Annars er hætt á að fólk gefist upp.
Það er því miður dálítið í okkur Íslendingum, að þegar
við ákveðum að gera eitthvað, þá förum í það af krafti,“
segir Matthías. Þau segja að hið dæmigerða „átak“ sem
margir velji sé ekki til þess fallið að varðveita langtíma-
árangur. „Við mælum t.d. ekki með formlegri megrun. Við
mælum frekar með raunhæfu markmiði í átt til minni
þyngdar með breyttu mataræði og aukinni hreyfingu.
Þetta er langhlaup en ekki skyndilausn. Það ná allir
árangri sem hafa þolinmæði og nægan viljastyrk.“

HREYFING OG NÆRING
„Það er hægt að leita sér gríðarlega mikils magns
upplýsinga á netinu. Margt er gott, annað er verra og
sumt er beinlínis skaðlegt. Þess vegna er að okkar mati
skynsamlegast að leita sér ráðgjafar hjá viðurkenndum
fagaðilum eða þeim sem hafa næga reynslu. Best er
að byrja rólega og bæta svo við eftir því sem þol og
styrkur aukast. Hvort tveggja öðlast maður hraðar en
margan grunar,“ segja Matthías og Vallý og bæta við
að alltaf þurfi að fara saman hreyfing og næring. „Það
þýðir lítið að vera duglegur að hreyfa sig ef ekki er
hugað að næringunni á sama tíma.“

SETTU ÞÉR MARKMIÐ
Mikilvægt er að hver og einn setji sér raunhæf mark-
mið og í samræmi við áhuga hvers og eins. „Það hentar
ekki öllum að skokka eða fara reglulega í líkams-
ræktarstöð. Það er margt annað í boði; fara út að
ganga eða hjóla ákveðinn kílómetrafjölda á dag eða
viku. Eða fara reglulega í sund, bera út blöðin. Það er
hægt að gera svo margt sem felur í sér góða og holla
hreyfingu. Aðalatriðið er að hrinda markmiðum sínum
í framkvæmd og huga um leið að góðri næringu og hollu
mataræði,“ segja Matthías Haraldsson öryggisstjóri
og Valgerður Vilhelmsdóttir, sérfræðingur í mann-
auðsteymi Alcoa Fjarðaáls.

HELGI LAXDAL VINNUR AÐ ÞVÍ HÖRÐUM HÖNDUM AÐ BÆTA SAMFÉLAGIÐ



HELGI LAXDAL ER 26 ÁRA STARFSMAÐUR Á LÁRÉTTU STEYPUVÉLINNI Í STEYPU-SKÁLA ALCOA FJARÐAÁLS. HANN ER SANDGERÐINGUR EN ÁKVAÐ UNGUR, AÐEINS 19 ÁRA, AÐ RÍFA SIG UPP OG FLYTJA Í ANNAÐ UMHVERFI. HANN FÓR AUSTUR OG FÉKK VINNU Í ÁLVERINU ÞAR SEM HANN STARFAÐI Í TVÖ ÁR, EÐA ÞAR TIL AÐ HANN ÁKVAÐ AFTUR AÐ BREYTA TIL OG SETJAST Á SKÓLABEKK.

„Það var mjög gott fyrir mig persónulega að hafa komið hingað austur. Ég lærði að standa á eigin fótum, ég kynntist öðru fólki, nýju og framandi umhverfi og lærði nýja og spennandi hluti. Meðal annars fór ég sem sjálfbóðaliði til Púertó Ríkó á vegum Alcoa í gegnum Earthwatch samtökin og á því ferðalagi vaknaði

áhugi minn á sjálfbóðastörfum. En eftir að ég hætti í bili hjá Alcoa fór ég suður aftur og hóf nám í verk- og raunvísindadeildinni hjá Keili sem ég kláraði sumarið 2013. Eftir það tók ég mér ársleyfi frá skóla og fór að vinna við ýmis störf og kynntist þá kærustunni minni, Laufeyju Frímannsdóttur sem er frá Reyðarfirði þar sem við búum núna,” segir Helgi sem kolféll fyrir Laufeyju strax á fyrsta stefnumótinu. „Já, ég bað hana nefnilega að sýna mér glímukappi. Það stóð ekki á því og hún skellti mér strax í jörðina og ég féll fyrir henni,” segir Helgi og hlær. Eftir það fór Helgi í tómstunda- og félagsmálafræði í Háskóla Íslands og tók unga parið Íbúð á leigu í Reykjavík til að vera þar um veturinn. En hlutirnir gerast stundum hratt hjá ungu fólki og þegar Laufey varð ófrísk í fyrravetur ákvað hún að halda austur í heimahagana, enda fyrirsjáanlegt að hús-næðisleigusamningurinn rynni út um vorið. Helgi varð eftir og kláraði vorönnina og hélt svo einnig austur á Reyðarfjörð til Laufeyjar. Hann er nú í fjarnámi í HÍ og hyggst klára námið vorið 2017.

NÚLL PRÓSENT

Meðan Helgi var í námi hjá Keili kynnti hann sér í leiðinni starfsemi ýmissa félagsamtaka og rakst þá m.a. á samtökin Núll prósent, sem hafa það að markmiði að kynna fólki kosti þess að lifa allsgáðu lífi. „Þau reka öflugt starf til að kynna þennan lífsstíl og ég kolféll fyrir þeim,” segir Helgi. „Ég hellti mér í starfið og komst fljótlega í stjórn. Á vegum þeirra hef ég tekið þátt í mörgum skemmtilegum verkefnum innanlands og utan. Sem dæmi má nefna að á árinu 2013 fór ég til þrettán landa til að halda fyrirlestra og námskeið.” Helgi er nú varaforseti samtakanna á Norðurlöndunum, Nordgu.

FORSETI JCI Á AUSTURLANDI

En Helgi lét ekki staðar numið þarna því vegna fyrirlestra- og námskeiðshaldsins, sem orðinn var stór þáttur í lífinu, langaði hann að læra fundarskóp. „Þá fór ég að gúggla og kynntist JCI (Junior Chamber International) sem býður upp á alveg ótrúlegan fjölda möguleika á mörgum sviðum. Þannig að þegar ég flutti austur stofnaði ég JCI-deild hér. Mér finnst hreyfingin

mjög áhugaverð því hún hefur m.a. þróast yfir í það að vera alheimssamtök sem vilja stuðla að friði í heiminum með því að stofna til vinasambanda milli landa. Nú starfa þau í yfir 120 löndum og eru rúmlega tvö hundruð þúsund meðlimir í samtökunum. Hér á landi voru rúmlega tvö þúsund meðlimir í mörgum byggðakjörnum vítt og breitt um land í kringum 1980 en eftir það tóku félagsamtökum að dala. En hlutirnir eru smám saman að snúast til betri vegar á ný og má sem dæmi nefna að 2012 voru um 50 meðlimir starfandi í JCI í Reykjavík, Fjarðabyggð og á Akureyri en þeir eru núna rúmlega 100,” segir Helgi, sem jafnframt er forseti JCI á Austurlandi.

STUÐNINGUR FRÁ ALCOA

Fyrsta verkefnið sem JCI-deildin á Austurlandi stóð fyrir var Actionverkefni sem styrkt var af Alcoa. Þá fékk deildin ýmsa aðila, bæði úr starfslíði Fjarðaáls og aðra utanaðkomandi á svæðinu til að koma og deila reynslu sinni af ýmsum áhugasviðum með öðrum sem vildu kynna sér. „Þetta varð að eins konar karnivali þar sem fólk kom og kynnti golfþróttina, kajaksiglingar, hestamennsku, alls konar spil, markmiðasetningu og fleira. Þessi fyrsta tilraun gekk mjög vel. Það voru yfir 150 þátttakendur og við stefnum að því að endurtaka leikinn að ári. Það geta allir boðið sig fram og lýst áhuga á að halda námskeið,” segir Helgi, sem hefur aflað sér töluverðrar reynslu á sviði markmiðasetningar og kennslu á því sviði. „Ég kynnti mér meðal annars Jim Rohn sem er bandarískur rithöfundur og þekktur fyrirlesari, meðal annars um markmiðasetningu. Ég hef haldið nokkur námskeið á þessu sviði og veit um einn sem ákvað að læra meira í kjölfarið og er núna við nám í Danmörku. Mér finnst mjög gleðilegt þegar svona gerist, það er gefandi að geta sáð jákvæðum fræjum. Ef til vill tengist það að einhverju leyti reynslu minni á uppvaxtarárunum sem varð til þess að ég kom mér í burtu frá Suðurnesjum. Við byrjuðum snemma að drekka og þegar ég reif mig upp voru margir vina minna á leið í ruglið.”



Helgi með dóttur sína, Júlíönnu Líf.

FRAMÚRSKARANDI UNGUR AUSTFIRÐINGUR Helgi er ánægður með lífið og tilveruna á Austurlandi. „Hér er gott samfélag og gott að búa. Ég kvíði því þegar ég þarf að fara til Reykjavíkur, í stressið og umferðarþungann.” Helgi starfar í steypuskála Fjarðaáls og segir að vinnan og áhugamálin fari vel saman. „Ég á alltaf frí í 15 daga í hverjum mánuði. Þá er tími fyrir fjölskylduna, konuna og dóttur okkar, Júlíönnu Líf sem byrjaði í haust á leikskóla. En svo er ég líka í fjarnámi í háskólanum auk þess að sinna verkefnum á vegum JCI hér fyrir austan. Það er hellingur framundan, m.a. ræðunámskeið, íslenskunámskeið fyrir útlandinga og síðan munum við æfa áhugasama Íslendinga í pólsku og halda námskeið í markmiðasetningu. Við höfum einnig áhuga á að taka að okkur kynningarstarf um sveitarfélagið fyrir nýja íbúa sem flytja á svæðið. Síðan er verkefnið Framúrskarandi ungur Austfirðingur sem tilkynnt verður um í maí með verðlaunaafhendingu,” segir Helgi, en þess má geta að opnað verður fyrir tilnefningar í febrúar. Sá sem ber sigur úr býtum fer sjálfkrafa í keppni um framúrskarandi ungan Íslending sem tilkynnt verður um í september eða október 2016.

SAMFÉLAGSORÐAN Í FJARÐABYGGÐ

Helgi segir stærsta verkefnið þó vera Samfélagsorðuna í Fjarðabyggð sem er ætluð krökkum í áttunda til tíunda bekk. „Hún á sér skylda fyrirmynd í skáta-hreyfingunni sem endurspeglast í Forsetaorðunni sem veitt er einu sinni á ári. Þá fá krakkarnir ákveðið vegabréf sem stimplað er í af þeim sem veita þeim fræðslu, leiðbeiningu eða þjálfun, hvort sem er í skóla eða á t.d. námskeiðum. Vegabréfið eiga þau fyrir lífstíð og geta notað þá vitnisburði sem þar koma fram í t.d. ferilskrár sínar. Samfélagsorðan hefur forvarnargildi og hún hvetur til virkara samfélags með þátttöku eigenda vegabréfanna í fjölbreyttu tómstundastarfi og virku skólanámi. Vegabréfið hjálpar líka krökkunum að átta sig á því hvaða stefnu þau vilja taka í lífinu, það stækkar tengslanetið þeirra og svo framvegis,” segir Helgi Laxdal sem hefur svo sannarlega mörg járn í eldinum sem hafa öll að markmiði að bæta samfélagið.

01



02

01
Fjölskyldudagar starfsmannafélags Fjarðaáls, Sóma, voru vel heppnaðir að vanda.

02
Gestir frá Álsamtökum í Evrópu heimsóttu Austurland ásamt Péttri Blöndal, framkvæmdastjóra Samáls.

03
Nýr vinnustaðasamningur var kynntur fyrir starfsmönnum í ágúst og nútílu prósent starfsmanna samþykktu hann. Samninganefndin var að vonum ánægð eftir að hann var undirritaður.

04
Starfsmenn fögnuðu öskudegi með viðeigandi hætti.

05
HeForShe áttakinu var hrundið af stað 19. júní og karlkyns starfsmenn Fjarðaáls sýndu viljann í verki og tóku þátt.

06
Einbeitt stúlka prófar bogfimi á fjölskyldudögunum.



04



03



05

ALCOA FJARÐAÁL Í LEIK OG STARFI



06



07



08



09



10



11

07
Þrír starfsmenn Fjarðaáls klæddu sig upp í tilefni 19. júní.

08
Ljósmyndasýningin Líf á Norðurslóðum var opnuð í Fjarðaáli síðasta vor.

09
Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, var meðal sveitastjórnarmanna sem sóttu fund í álverinu síðasta vetur.

10
Sjálfbæðið frá Alcoa létu ekki sitt eftir liggja þetta árið og unnu m.a. fyrir Rauða krossinn á Egilsstöðum.

11
Fjölmargir gestir koma til Fjarðaáls á hverju ári og hér má sjá hluta af þingflokki Samfylkingarinnar í heimsókn.

Strákarnir í jafnréttis-
nefnd. F.v. Þorsteinn
Sigurlaugsson, Ólafur
Höskuldur Höskulds-
son og Atli Vilhelm
Hjartarson.



KARLAR BERJAST FYRIR JÖFNUM RÉTTI KYNJANNA

Í JAFNRÉTTISNEFND ALCOA FJARÐAÁLS,
SEM SETT VAR Á LAGGIR FLJÓTLEGA
EFTIR AÐ FYRIRTÆKIÐ TÓK TIL STARFA,
SITJA SEX MANNS, ÞRJÁR KONUR OG ÞRÍR
KARLAR. FJARÐAÁLSFRÉTTIR RÆDDU VIÐ
KARLANA Í NEFNDINNI UM ÞAÐ Í HVAÐA
LJÓSI ÞEIR SJÁI JAFNRÉTTISMÁLIN OG
HVER SÉU HELSTU VERKEFNIN.

Tilefnið var HeForShe herferð sem jafnréttisnefndin
stóð fyrir í sumar. Þetta eru þeir Atli Vilhelm Hjartar-
son, framleiðslusérfræðingur í kerskála, Ólafur Höskul-
dur Ólafsson, framleiðslustarfsmaður í steypuskála
og Þorsteinn Sigurlaugsson, sérfræðingur í upplýsinga-
tækniteymi Fjarðaáls.

Atli er tiltölulega nýbyrjaður í jafnréttisnefndinni,
Steini hefur setið í henni í rúmt ár, en lengsta setu
hefur Höskuldur sem verið hefur í jafnréttismálunum
í rúmlega fimm ár. Hann segir að starfið í nefndinni
hafi gefið sér nýja sýn á málaflokkinn og nú sjái hann
endalaus tækifæri þar sem gera megir betur. „Þegar

ég byrjaði voru níu eða tíu konur á framleiðslusvæð-
inu. Starfið var erfitt í byrjun þegar við vorum að
kveikja á þessu risastóra fyrirtæki og samhæfa alla
framleiðsluferla. Sumar konurnar sem voru hér í upp-
hafi eru hættar. Ég held að tólf tíma vaktakerfið hafi
reynst erfitt og starfsvettvangurinn var flestum mjög
framandi. Mjög fáir yfir höfuð höfðu unnið í álveri. Ég
upplifi nýja átta tíma vaktakerfið sem mikla framför
og til þess fallið að auka hlut kvenna. Konur eru nú rúm
tuttugu prósent vinnuafsisins en ég held að þeim muni
fjölga á næstu misserum vegna nýja vaktakerfisins,“
segir Höskuldur.

KARLAR Í FÆÐINGARORLOF
Atli kom í nefndina skömmu áður en hann fór í fæð-
ingarorlof. „Ég held að ástæðan hafi verið sú að ég
talaði mjög skýrt fyrir því sjónarmiði að jafn sjálfsagt
sé að karlar taki jafn langt fæðingarorlof og konur.
Fæðingarorlofsréttur hjóna eru þrír mánuðir hjá
hvoru og síðan þrír mánuðir sem má skipta á milli eða
annað taka alveg. Venjan virðist vera að karlinn tekur
þrjá mánuði ef hann sér sér það fært og konan sex
mánuði. Þá er algengt að kona taki 12 mánuði á 50%
launalausn leyfi frá vinnuveitanda. Ef karlinn tekur
50% fæðingarorlof er alltaf gert ráð fyrir að hann vinni
hin 50 prósentin þannig að það skortir enn talsvert upp

á nauðsynlega hugarfarsbreytingu í þessum efnum.
Þegar ég var að ræða þetta við jafnréttisnefndina var
ég bara settur í nefndina,“ segir Atli og hlær.

ALLTAF HÆGT AÐ GERA BETUR
Steini tekur undir þessi orð Atla og bætir við að í sinni
einföldustu mynd sé jafn réttur og tækifæri án tillits
til kyns, kynþáttar, kynhneigðar eða annarra félags-
legra þátta ein af grundvallarstöðum jafnréttismál-
anna. Höskuldur bætir við að nefndinni hafi gengið vel
að koma sjónarmiðum um jafnréttismál á framfæri
innan fyrirtækisins, en undanfarna mánuði hafi mestur
tími þó farið í að fínþússa og gefa út jafnréttisstefnu
fyrirtækisins enda í óteljandi horn að líta. Hann segir
jafnréttismál endalaus vinnu og alltaf hægt að gera
betur á flestum sviðum.

HEFORSHE Í FJARÐAÁLI
Í tilefni hundrað ára afmælis kosningaréttar kvenna
hratt jafnréttisnefndin af stað átakinu HeForShe innan
fyrirtækisins sem UN Women standa að á heimsvísu.
Átakið gengur út á að karlar taki afstöðu með jafnrétti
kynjanna og lýsi því yfir að þeir séu reiðubúnir að leggja
sitt af mörkum í baráttunni og sýna það með því að
skrifa undir viljayfirlýsingu á vefnum. „Þetta á ekki að
snúast um að konur berjast eingöngu fyrir rétti kvenna
heldur eiga allir að berjast fyrir jöfnum rétti allra,“ segja
þeir.

Steini segir að þeim hafi fundist mikilvægt að sýna
konum að það væri jafn mikilvægt fyrir karlmenn og
konur að jafnrétti væri sem mest og bætir Atli við að
karlar þurfi líka að vera meðvitaðir um sinn rétt. „En á
t.d. mjög karllægum vinnustöðum er hugarfarið víða
gamaldags. Þar spyrja vinnuveitendur karla sem ætla
í fæðingarorlof hvort þeir geri sér grein fyrir hvað þeir
lækki í launum við það,“ segir Atli. Steini segir að það
hafi komið sér mest á óvart eftir átakið hversu margir
karlar höfðu þörf fyrir að tjá sig. „Mér finnst það standa
upp úr eftir á og hversu mikils virði það er fyrir jafn-
rétti að karlar taki þátt í umræðunni og öðlist þar með
þroskaðra og opnara viðhorf gagnvart jafnrétti,“ segir
Steini.

FLEIRI TÆKNIMENNTAÐAR KONUR!
Strákarnir eru sammála um að í iðnstörfum og á
vinnustöðum þar sem starfið byggist á vinnuafli iðn-
menntaðra starfsmanna muni aldrei nást fullkomið
jafnrétti fyrr en konur sækja meira í slíkt nám. „Þetta
er mjög mikilvægt. Ég er rafiðnfræðingur og verðandi
tölvunarfræðingur svo þessar greinar eru mér því
ofarlega í huga.“ segir Steini. „Þetta eru í dag mjög
karllægar stéttir og einhverra hluta vegna sækja konur
ekki í nægilega ríkum mæli inn á þennan vettvang.“
Strákarnir eru sammála um að við allar þjóðfélags-
breytingar sé opin umræða og þátttaka allra mikilvæg.

SNERTIR LÍKA BÖRNIN
„Jafnréttismálin snerta líka börnin okkar. Það er
réttur þeirra að njóta sama tíma með báðum for-
eldrum sínum. Það er af sem áður var þegar margir
heimilisfeður voru að heiman svo mánuðum skipti og
eiginkonan var „húsmóðir“ sem sá um öll húsverkin,
líka þegar eiginmaðurinn var heima. Gildi okkar í dag
eru einfaldlega allt önnur en þau voru. Nú er sjálfsagt
og eðlilegt að karlar vinni sömu verk og konur innan
heimilis og utan, sjái til jafns við konur um uppeldi
barnanna og húsverkin. Ég fór til dæmis með strákinn
minn í aðlögun á leikskóla um daginn og þar voru tvö
önnur börn í aðlögun. Þetta voru allt feður sem mættu
með börnin, þannig að tíðmarnir hafa breyst,“ segir Atli.

DÝNAMÍSKARI UMRÆÐA
Höskuldur segir að hann upplifi sterkt þá almennu
hugarfarsbreytingu sem orðið hefur með aukinni þátt-
töku karla í uppeldi barna og heimilishaldi. Að sama
skapi sé mikilvægt að auka hlut kvenna á karllægum
vinnustöðum. „Það eru svo miklu skemmtilegri vinnu-
staðir. Ég var áður á sjó. Við vorum átján karlar og ein
kona. Það var hundleiðinlegt, samræðurnar voru svo
einsleitar. Það hefði verið eins hefðu konurnar verið í
meirihluta. En þegar hlutföllin eru jafnari verður sam-
ræðan svo miklu dýnamískari, opnari og skemmtilegri,“
segir Höskuldur.

FJARÐAÁL HENTAR BÁÐUM KYNJUM
Í HeForShe hjá Fjarðaáli tóku fjölmargir karlar afstöðu
með jafnrétti kynjanna með því að skrifa undir áður-
nefnda yfirlýsingu. „Verkefni okkar framundan er að
halda áfram fræðslu um jafnréttismálin og gefa út
bæklinga með slíku efni. Fjarðaál sem vinnustaður
hentar algerlega jafnt konum sem körlum þótt sum
verkefni krefjist meiri líkamlegrar vinnu en þar með
er ekki sagt að margar konur geti ekki sinnt þeim.
Það er alveg sama með karla, það henta ekki öll störf
sumum körlum. Okkar hugur stendur til þess að vera í
fararbroddi í þessum efnum. Við eigum verk að vinna,
en við viljum vera fremst í þessari atvinnugrein,“ segja
strákarnir að lokum.

Magnús Þór
Ásmundsson ásamt
Magnúsi Orra Schram,
stjórnarmanni í
UnWomen á Íslandi,
þegar HeForShe
átakinu var hleypt
af stokkunum hjá
Fjarðaáli.





Kristín Gestsdóttir og Elín H. Einarsdóttir

TÓKU JÓGAKENNARANN Í TÆLANDI

Kristín Gestsdóttir, innkaupafulltrúi hjá Fjarðaáli, og Elín Hrönn (Ella) Einarsdóttir, heilsufræðingur í umhverfis-, heilsu- og öryggisteymi fyrirtækisins, deila sameiginlegum áhuga á heilsu og hreyfingu. Nú sl. vor ákváðu þær stöllur að bæta við þekkingarbrunn sinn og efla núvitundina og héldu til Tælands í jógakennaranám. Ásamt annarri hreyfingu hefur Ella lagt stund á jóga og þá sérstaklega þegar hún var búsett í Danmörku, þar sem hún m.a. lærði iðjuþjálfun. „Ég var nú að velta því fyrir mér þá að verða jógakennari en ég setti það á bið tvívegis af ýmsum ástæðum, allt þar til á síðasta ári þegar ég var staðráðin í að nú væri góður tími til þess að uppfylla einn af mínum draumum, þar sem ég var búin að gera það að markmiði mínu að læra jógafræði og hafa jóga sem hluta af mínum lífsstíl áður en ég yrði 50 ára. Og ekki skemmdi það fyrir að samstarfskonur mínar hér í álverinu gengu með sama draum í maganum. Það endaði með því að við Kristín fórum saman út,“ segir Ella sem segist fyrst og fremst stunda jóga fyrir sig sjálfa. En hún hefur strax fundið löngun til þess að miðla jógafræðunum áfram og hóf að kenna nú í haust. Kristín hefur alla tíð verið mikið í íþróttum, byrjaði

sex ára í fimleikum og fór svo í handboltann þegar hún var 11 ára. „Ég hef kennt þolfimi síðan 2003 en með árunum hef ég fundið að liðleikinn er ekki eins mikill og þegar ég var yngri. Fann þetta sterkt í fyrra þegar ég var að æfa fyrir maraþon að gott væri að auka liðleikann og læra íhugun en þá kviknaði minn áhugi á jógakennaranámi. Jóga er mjög gott mótvægi við harðar æfingar sem fylgja hlaupum og þolfimi, því þær stytta vöðvana og geta m.a. haft í för með sér álagsmeiðsl. En í jóga styrkjum við grunnvöðva líkamans sem verða oft útundan í öðrum æfingum og með slíkri þjálfun er hægt að fyrirbyggja álagsmeiðsl og aðra kvilla.“ segir Kristín. Hún átti mjög erfitt með það í byrjun að slaka á í jógatímunum. „Ég var alltaf með hausinn fullan af ókláruðum verkefnum, það var ekki fyrr en í vor að mér tókst að slaka fullkomlega á.“ Kristín segir að tími til íhugunar sé mikilvægur fyrir alla. „Þegar þú ert með mörg járn í eldinum; í krefjandi starfi, bæjarstjórn, þolfimi- og jógakennslu, barnauppeldi, heimilishaldi og kannski fjölbreyttum áhugamálum, þá er mikilvægt að rækta hugann, kjarna sig og finna aðferð til þess að stjórna orkuflæðinu og endurnæra sig.“ Kristín ákvað í kjölfarið að læra fagið frá grunni eins

og Ella og bæta kennsluréttindum í jóga við réttindi sín sem þolfimikennari sem hún öðlaðist fyrir tólf árum.

EKKERT DEILISKIPULAG Í TÆLANDI?

Tælandsferðin var mikið ævintýri. Jóganámið tók fjórar vikur en alls tók ferðalagið sex vikur. Þær fóru utan í lok mars á þessu ári og tóku því sumarfríið sitt á heldur óvenjulegum tíma í ár. „Við fórum beint inn í yndislegt sumar í Tælandi sem er ákaflega fallegt land.“ Þær segja að það hafi verið mikil upplifun að taka lestina inn í borgina og sjá hana vakna til lífsins í morgunroðanum. „Ég held samt að það sé ekkert deiliskipulag barna,“ segir Kristín og hlær. „Það ægir öllu saman, holdvotu mýrlendi og næst sér maður kirkjugarð í ökkkladjúpu vatni, síðan lúxushótel í röðum og á næsta götuhorni er mikið fátækrahverfi. Þar er raunverulega mikil fátækt sem er gríðarlega útbreidd í Bangkok.“

HLÝJA OG UMHYGGJA TÆLENDINGA

Ella og Kristín fundu fyrir mikilli velvild og kurteisi allra sem urðu á vegi þeirra í Bangkok. Þær eru sammála um að hugmyndafræði búddismans einkenni mannlífið þar sem umhyggja fyrir öllu lífi er í hávegum höfð. „Jógafræðin kenna aðferðir til þess að vega og meta það mikilvæga í lífinu, hvað skiptir raunverulega máli, andstætt því sem einkennir vestræn samfélög þar sem margir virðast stjórnast af fyrirfram ákveðnum gildum og mikilli efnishyggju. Við erum alltof upptekin af gervipörfum í stað þess að staldra við og njóta þess sem við höfum,“ segir Kristín.

Þær stöllur eru afar þakklátar fyrir það tækifæri að fá að upplifa Tæland og sækja þangað menningu og fróðleik sem aldrei verður frá þeim tekinn. Það er hluti af jógafræðunum að deila gleði og góðum boðskap með öðru samferðafólki. Þær eru báðar sammála um að jóga hefur aukið þeirra lífsgæði og þeirra jóga-vegferð er rétt að hefjast. Skilaboðin frá þeim að lokum eru: Munum að hlúa að okkur sjálfum og öðrum í kringum okkur.



MÆÐGURNAR ÞÓREY OG HRAFNHILDUR

ÞAÐ ER EKKI ÓALGENGT AÐ FLEIRI EN EINN Í SÖMU FJÖLSKYLDU STARFI Í ÁLVERI ALCOA FJARÐAÁLS. ÞÆR ERU DÆMI UM ÞAÐ, MÆÐGURNAR ÞÓREY INGIMARSDÓTTIR, DEIGLUBÍLSTJÓRI Í STEYPUSKÁLANUM, OG DÓTTIR HENNA, HRAFNHILDUR ÞÓREY JARDÓTTIR SEM STARFAR UM ÞESSAR MUNDIR Í TÆKNI-TEYMI KERSKÁLANS.

Að auki starfar maður Hrafnhildar, Jóhann Karl Briem, einnig í kerskalanum með Hrafnhildi og bróðir hennar, Matthías Þorvaldsson starfar í spennistöð álversins. Við settumst niður með þeim mæðgum Þóreyju og Hrafnhildi sem fer fljótlega í fæðingarorlof, en fyrir eiga hún og Jóhann Karl eins árs dóttur, Sunnevu Lind Briem.

Þórey hefur starfað í tæp níu ár í álverinu, nánast frá upphafi, áður en lokið var við bygginguna og „allt var hér í henglum“ eins og Þórey kemst að orði. „Þetta voru spennandi tímar, stórkostlegt tækifæri að fá að taka þátt í þessu uppbyggingarstarfi sem hér var fyrstu misserin. Hér voru allir að læra nýja hluti og lesa og læra á löngum námskeiðum. Ekkert okkar kunni „að reka álver“ þegar við byrjuðum og því þurfti að kenna okkur réttu vinnubrögðin,“ segir Þórey. Hún segir rótgróna öryggismenningu Alcoa það helsta sem standi upp úr að hennar mati þegar hún líti til baka. „Mér finnst þessi mikla áhersla á öryggismál skila sér til allra starfsmanna hvar sem er í fyrirtækinu.“

BYRJADI TVÍTUG Í ÁLVERINU

Hrafnhildur hóf störf sem sumarstarfsmaður hjá Fjarðaáli haustið 2008, þá aðeins tvítug að aldri. Hrafnhildur gengur alla jafna í öll störf í kerskála, en þar sem hún gengur með barni hefur hún verið færð til tímabundið þar sem vanfærar konur mega öryggis þeirra og ófæddra barna vegna ekki starfa í kerskalanum. Hún starfar því núna í tækniteymi kerskálans. Hún segir það ganga merkilega vel að samræma fjölskyldulífið vinnutímanum þrátt fyrir að þau Jóhann og móðir hennar starfi öll í álverinu og á sömu vöktunum. „Ég hef verið í fæðingarorlofi og er núna á dagvöktum. Jóhann hefur verið í fæðingarorlofi í allt sumar en hefur aftur störf á



næstunni. Ég fer svo fljótlega aftur í fæðingarorlof því ég á að eiga 20. nóvember. Ég hef ekki fundið fyrir neinum vandræðum hvað skipulagið varðar enn sem komið er allavega og það var auðsótt mál af hálfu fyrirtækisins að fá að fara af næturvöktum og yfir á dagvaktir en ég kaus þegar ég varð ófrísk í fyrra skiptið að fá að fylgja minni vakt í vinnu og vera þá í stjórnherberginu. Það kom svo að því að næturvaktirnar urðu of erfiðar og þá skipti ég bara yfir í dagvinnuna.“

Aðspurð segist Hrafnhildur ekki finna fyrir því að svo margir úr fjölskyldunni starfi á sama vinnustaðnum. „Nei, þetta er svo stór vinnustaður að ég verð lítið vör við það.“ Pórey tekur undir það, en bætir við að sér finnist þó styrkur af því að vita af börnunum og tengdasyninum innan seilingar. „Mér finnst gott að vita af þeim auk þess sem við ræðum vinnuna talsvert heima við. Það fer ekki hjá því enda er hún sameiginlegt áhugamál,“ segir Pórey.

STÓR HÓPUR AF SKEMMTILEGU FÓLKI
Hún telur mesta kostinn við starfið vera hversu mörgu skemmtilegu og áhugaverðu fólki hún hafi kynnst á þessum árum. „Það er samhentur hópur á minni vakt, góður mórall og það finnst mér mikils virði,“ og tekur Hrafnhildur undir það með móður sinni. „Já, ég er líka að vinna með skemmtilegu fólki þar sem allir hjálpast að þegar á þarf að halda.“ Hún segist ekki hafa vitað út í hvað hún var að fara þegar hún sótti um starf hjá Fjarðaáli en segir hiklaust að vinnan í álverinu henti jafnt körlum sem konum, þó að næturvaktir henti ef til vill ekki öllum konum,“ segir Hrafnhildur. Undir það tekur Pórey en bætir við að sér virðist fyrirtækið gera

mikið til að koma til móts við þessi mismunandi sjónarmið. „Ég hef fylgst með þessu gegnum Hrafnhildi sem er að eiga börn og hinn nýtilkomni fæðingarstyrkur sem kveðið er á um í nýja kjarasamningnum og fyrirtækið ætlar að veita starfsfólki í fæðingarorlofi mun hjálpa mikið.“ Pórey og Hrafnhildur telja að það þurfi að fræða konur betur um álversstörf og auglýsa þau betur en gert sé. Allt of margar konur séu ómeðvitaðar um það að störf í álveri henta jafnt konum sem körlum, úrval mismunandi starfa sé það mikið að flestir ættu að geta fundið starf við sitt hæfi.

NÁNAR Í LÍFI OG STARFI
Þær mæðgur eru nánar og hafa mikið samband í frítíma sínum, eru auk þess nágrannar, búsettar á Egilsstöðum. „Já við erum í stöðugu sambandi, en í mínum persónulega tíma finnst mér gott að fara í ræktina og vera síðan með fjölskyldunni. Við erum með lítið barn og annað á leiðinni þannig að það er nóg að gera,“ segir Hrafnhildur sem auk þess hefur nýhafið viðskiptafræðinámi í fjarnámi. „Ég vonast svo til að halda áfram störfum hér hjá Fjarðaáli og að ég fái starf í samræmi við menntun mína þegar þar að kemur.“

FERÐAST UM HEIMINN
Pórey fer gjarnan í sund í sínum frítíma. „Já, ég stunda sundlaugarnar af krafti. Svo geng ég á fjöll og ferðast um heiminn. Ég geri talsvert af því og er bara nýkomin frá Danmörku. Ég hef farið víða um í Evrópu, siglt í Karabíska hafinu og fer á næstunni í langt frí. Ég ætla að njóta þess í botn, vera heima með barnabörnunum og fylgjast með þegar það fjórða kemur í heiminn,“ segir Pórey og það látum við verða lokaorðin að sinni.

VELFERÐAR-ÞJÓNUSTAN HJÁ FJARÐAÁLI

HÓLMGRÍMUR E. BRAGASON,
SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐSMÁLUM

Hjá Fjarðaáli er boðið upp á svokallaða velferðarþjónustu, um hvað snýst hún?
Þjónustan snýst um það að styðja við starfsfólkið okkar þegar þess þarf. Með því að gera því kleift að fá þjónustu ýmissa fagaðila þeim að kostnaðarlausu. Má þar nefna m.a. þjónustu sálfræðings, lögfræðings, fjármálaráðgjöf, þjónustu sérfræðilækna, lífsstílsráðgjöf og margt fleira. Það er fyrirtækið Heilsuvernd sem veitir þjónustuna.

Hverjir geta nýtt sér þessi úrræði?
Allir starfsmenn Fjarðaáls, makar þeirra og börn undir 18 ára aldri. Hver starfsmaður hefur rétt á allt að sex klukkustundum á ári.

Hversu mikið er þetta nýtt og hvaða þjónustu nýta flestir sér að þínu mati?
Þjónustan er talsvert mikið nýtt og líklega nýta flestir sér þjónustu sálfræðings og lögfræðiþjónustuna.

Telur þú að þjónustan nýtist vel og þá hvernig?
Ég tel að hún nýtist öllum sem nýta sér þjónustuna þó að ég geti ekki rætt ákveðin tilfelli vegna trúnaðar. Auk þess er mikilvægt að benda á að notendur þurfa ekki að fara í gegnum fyrirtækið til þess að falast eftir þjónustunni. Þeir geta hringt beint í verktakann sem veitir hana. Þannig tryggjum við algera nafnleynd.

Er venjan að vinnustaðir bjóði upp á þjónustu sem þessa?
Ég get ekki svarað því með óyggjandi hætti en tel þó að þetta sé ekki algengt.

Nú starfaðir þú sem prestur áður en þú hófst störf í mannauðsteymi Fjarðaáls. Hvernig nýtist sú starfsreynsla í því sem þú ert að fást við hér?
Öll reynsla sem snýr að mannlegum samskiptum, að starfa með fólki og fyrir fólk, nýtist mér vel í þessu starfi.

Saknarðu preststarfanna?
Ég gef mér ekki tíma til að sakna, núið er akkúrat núna.



Hvað finnst þér skemmtilegast í vinnunni þinni?
Samskipti við starfsfólkið, á t.d. teymisfundum og smærri fundum. Síðan finnst mér mjög áhugavert að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni með mínu nánasta samstarfsfólki.

Hvað er leiðinlegast/erfiðast?
Ekkert er leiðinlegt og ekkert er erfiðast. Það fer algerlega eftir því hvernig ég hef sofið hvort verkefnin eru erfið eða ekki.

Hvernig heldur þú þér gangandi og skapinu góðu þegar þú þarft að vera að takast á við hin ýmsu vandamál fólks bæði persónuleg og vinnutengd, tekur þú þetta ekkert inn á þig?
Vissulega finnur maður til með fólki þegar erfiðleikar eru fyrir hendi en ég hef lært að skilja á milli. Það er líka langt síðan ég sætti mig við það að erfiðleikar eru hluti af lífi okkar og að oftast er ekkert sem við getum gert til að koma í veg fyrir áföll og erfiðleika. Aftur á móti veit ég það eins vel að við höfum allt um það að segja hvernig við tökum á málunum.

Hvernig finnst þér að starfa í mannauðsteymi Alcoa Fjarðaáls?
Í mannauðsteyminu er valinn maður í hverju rúmi. Við höfum lagt mikið á okkur til þess að efla okkur sem teymi og einstaklinga. Við gerum okkur líka grein fyrir því að það tekur tíma og orku að viðhalda þeim anda sem ríkir í hópnum í dag. Það gerum við bæði sjálf ásamt því að fá utanaðkomandi aðstoð.

Gönguhópur
Ásgerðar Hlínar
fyrir framan leifar
af risastóru sequoia
tré. Ásgerður
Hlín er þriðja frá
vinstri í aftari röð á
myndinni.



Heppin ungmenni fengu

TVEGGJA VIKNA DVÖL Í BANDARÍSKUM ÞJÓÐGARÐI

Samfélagssjóður Alcoa hefur undanfarin tvö ár gefið 16-18 ungmennum frá löndum þar sem Alcoa starfar einstakt tækifæri til þess að kynna náttúrunni og umhverfisvernd með því að ferðast um þjóðgarð í Bandaríkjunum í tvær vikur ásamt öðru ungu fólki, fræðimönnum og leiðsögumanni. Fjarðaál hefur séð um að auglýsa eftir umsóknum frá Íslandi. Í ár urðu tveir nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum svo heppnir að hljóta styrkinn, sem fól í sér allan ferða- og dvalarkostnað. Fjarðaálsfréttir tóku púlsinn á ferðalöngunum, Atla Berg Kárasyni og Ásgerði Hlín Þrastardóttur, til að heyra um reynslu þeirra.

BÆÐI NEMENDUR VIÐ SAMA SKÓLA

Atli Berg, sextán ára sveitastrákur af Fljótssdalshéraði, fór til þjóðgarðsins Olympic í Washingtonríki. Hans helstu áhugamál eru ljósmyndun, bíllar, útivist og öll hreyfing, þannig að fréttirnar um valið komu honum skemmtilega á óvart en hann frétti af tækifærinu gegnum föður sinn, Kára Jónasson sem vinnur hjá Fjarðaáli. Atli Berg hefur áður notið styrks frá Samfélagssjóði Alcoa þegar hópur unglinga í skáta-klúbbum Héraðsbúum fengu styrk til ferðar til Cleveland árið 2013 til að hreinsa strandir.

Ásgerður Hlín er átján ára Reyðfirðingur og nemandi í ME. Hún fór til þjóðgarðsins Yosemite í Kaliforníu. Ásgerður hefur mikinn áhuga á ljósmyndun, æfir fótbolta og er afar virk í félagslífi skólans, er t.d. í nemendaráði og er skemmtanastjóri skólans.

Foreldrar hennar, þau Ása Friðriksdóttir og Þróstur L. Hjartarsson, vinna bæði hjá Fjarðaáli.

Atli Berg og Ásgerður Hlín tókust á hendur langt ferðalag frá Egilsstöðum til austurstrandar Bandaríkjanna. Hann flaug frá Keflavík til Seattle og hún til San Francisco. Á báðum áfangastöðum tók við langur akstur í bíl til þjóðgarðanna þar sem þau hittu hópana sína, sem hvor samanstóð af 24 og 30 unglingum frá ýmsum löndum. Þeim var skipt í tíu eða tólf manna gönguhópa sem vörðu saman tveimur vikum í þjóðgöndunum til náms, bakpokaferðalaga og skemmtunar.

ENGIN UMMERKI UM MANNAFERÐIR

Atli segir frá: „Á meðan við vorum í „backcountry“ vorum við í villtri náttúru, fjarrí allri þjónustu og þægindum. Við bárum allan farangur á bakinu, mat, föt og annan búnað til ferðalagsins. Á leiðinni eru engir vegir, bara stígar og ekki allir breiðir eða sléttir. Þarna gilda mjög strangar reglur um umgengni sem við lærðum mjög fljótt að fara eftir. Innfæddir kalla aðalregluna „leave no trace“ sem útskýrir sig sjálf og þarna gilda líka reglur um hámark gesta á hverjum gististað og í hvaða tjaldbúðum kveikja má eld. Við fengum lista yfir það sem við áttum að taka með okkur og þar var ekkert gel, ilmvatn eða svitalyktareyðir, aðallega vegna þyngdar. Önnur ástæða var sú að allt sem lyktaði, t.d. mat, snyrtivörur og tannkrem, geymdum við í sérstöku „bjarnaboxi“ til að varna því að villt dýr þefuðu okkur uppi.“



Umhverfið í
Yosemite þjóðgarðinum er ægífagurt
en þessa mynd tók
Ásgerður Hlín á
göngu sinni.

SMAKKAÐI MEÐAL ANNARS MAURA

Líkt og Atli Berg segir Ásgerður Hlín ferðina hafa verið eftirminnilega: „Að fá að fara í bakpokaferðalag um þennan gullfallega þjóðgarð og upplifa náttúruna með þessum hætti er án efa eitt það skemmtilegasta sem ég mun nokkurn tíma gera. Þar sem unglingar í dag eru allir fastir í símunum sínum alla daga var æðislegt að fá að vera í óbyggðum í heila viku án tækninnar. Eitt af því besta var að mínu mati að liggja í svefnpoka undir stjörnuþjörtum himni og sofna við stjörnuhrap. Síðan að vakna um miðja nótt í náttúrunni og finna kuldann í kringum mig en vera samt svo hlýtt í svefnpokanum. Ég smakkaði fullt af nýjum mat sem mig hefði ekki grunað að mér myndi líka og fannst hann frábær. Svo gerði ég margt sem ég hélt ég myndi aldrei gera eins og að smakka maura og gera þarfir mínar úti í skógi,” segir Ásgerður.

MIKIL VÆGUR LÆRDÓMUR UM NÁTTÚRUNA

Ásgerður Hlín segist hafa lært margt um menningu og mannlíf í mismunandi löndum og hvernig eigi að lifa í villtri náttúru. „Ég lærði líka nýja hluti um náttúruna og umhverfið og að allt sem við gerum getur haft áhrif allt í kringum okkur. Ég lærði að taka gæðapróf á vatni til að vita hversu hreint vatnið þarf að vera til þess að öruggt sé að drekka það. Allt bakpokaferðalagið þurftum við að meðhöndla drykkjavatnið okkar með 3-4 dropum af klór eða joði í hvern lítra til þess að það væri drykkjarhæft. Síðast en ekki síst þá lærði ég helling um sjálfa mig.“ Atli Berg segist hafa fengið næði til að hugsa um sig og náttúruna á svona langri göngu og að hann hafi lært allt milli himins og jarðar um dýr, plöntur og þjóðgarða almennt.

FÉLAGSSKAPUR SEM ENDIST

Það stendur upp úr hjá bæði Atla Berg og Ásgerði Hlín að hafa kynnst nýju fólki, ekki síst öðrum ungmennum sem voru m.a. frá Bandaríkjunum, Ástralíu, Hollandi, Ungverjalandi, Kanada, Ítalíu, Þýskalandi, Noregi,

Rússlandi, Englandi og Brasilíu. „Við urðum mjög góðir vinir og það var erfitt að kveðjast á flugvellinum við heimferð. En við erum heppin með samfélagsmiðla og höldum tengslunum á Facebook,” segir Atli Berg. Ásgerður Hlín tekur undir með Atla og segir sinn hóp einnig halda góðum tengslum og tali jafnvel um að hittast aftur. Aðspurð hvort þau mæli með því að ungmenni sækji um þennan styrk verði hann aftur í boði á næsta ári segjast þau hiklaust gera það. Ásgerður Hlín segir: „Þetta er tækifæri sem maður fær bara einu sinni í lífinu og öðlast lífsreynslu sem er ómetanleg. Kennararnir og allt starfsfólkið eru frábær og gera allt sem þau geta til að gera dvölinna ógleymanlega.“ Atli Berg bætir við: „Auðvitað er svona ferð ekki fyrir alla, en fyrir þá sem hafa áhuga á útivist og frábæru landslagi er þetta með því besta og skemmtilegasta sem maður kemst í.“

Að lokum spurðum við unga fólkið hvað þau hyggist gera í framtíðinni. „Mig hefur alltaf langað til að verða dýralæknir,” segir Ásgerður Hlín sem stefnir að því að komast í háskóla í Englandi og læra dýralæknisvísindi þar. Atli Berg segir ekki ákveðið hvað hann geri en hann langi í flugnám, tækni- eða tölvunarfræði. „Það skýrist á næstu árum,” segir hann. Hvað sem þessi tvö ungmenni taka sér fyrir hendur er víst að hér er um góða talsmenn að ræða fyrir náttúruvernd og umhverfisvitund.



Hér er Atli Berg
ásamt félögum
sínum í Olympic
þjóðgarðinum.
Hann er lengst
t.v. á myndinni.



Margrét Linda Erlingsdóttir

REYKJAVÍKUR- MÆRIN SEM FLUTTI Á NORÐFJÖRÐ

MARGRÉT LINDA ERLINGSDÓTTIR ER TÆPLEGA ÞRÍTUGUR LEIÐTOGI Í SKAUTSMIÐJU FJARÐAÁLS. STARFIÐ FELST M.A. Í ÞVÍ AÐ GÆTA AÐ MANNAHALDINU Á VÖKTUNUM, AÐ ÞÆR SÉU FULLMANNAÐAR OG ÖLL HLUTVERK FULLSKIPUÐ. HLUTVERK LEIÐTOGA ER EINNIG AÐ PASSA AÐ FRAMLEIÐSLAN GANGI HNÖKRALAUST, AÐ VERIÐ SÉ AÐ FRAMLEIÐA SAMKVÆMT PÖNTUNUM SEM VIÐKOMANDI VAKT Á AÐ SINNA OG FYLGJAST MEÐ ÞVÍ AÐ ÖLLUM ÖRYGGISREGLUM SÉ FYLGT.

„Við skipuleggjum líka teymisfundi og höldum starfsmannaviðtöl þar sem við förum yfir frammistöðumat, og að lokum mætti nefna ýmsar úttektir sem gera þarf með reglulegu millibili. Þetta er svona meðal þess sem leiðtogar hafa á sinni könnu í fyrirtækinu,” segir Reykjavíkurmærin sem nú býr ásamt eiginmanni og tveimur ungum sonum í Neskaupstað.

En hvernig stóð á því að Margrét flutti austur? „Það kom nú til af því að vinkona mín bað mig að koma með sér til Benidorm þegar ég var átján ára. Þar hitti ég Elvar Árna Sigurðsson sem síðar varð eiginmaður minn. Hann er frá Neskaupstað og ég vissi eiginlega ekki hvar á landinu það var í upphafi. Hins vegar heillaðist ég mjög af staðnum þegar ég kom hingað austur í fyrsta sinn og við ákváðum að flytja þegar ég kláraði stúdentsprófið og hann löggildingu sem málaramestari. Ég setti það reyndar sem skilyrði fyrir flutningum austur að ég fengi góða vinnu sem mér líkaði. Ég hafði alltaf unnið á vöktum og því þótti mér tilvalið að sækja um starf hjá Fjarðaáli árið 2006 og fór í viðtal í Reykjavík. Þegar ég fékk starf keyptum við íbúð í Neskaupstað og ég fór austur,” segir Margrét og brosir. Hún er einn af fyrstu starfsmönnum Alcoa Fjarðaáls, byrjaði í bakskautaframleiðslu í skautsmiðjunni 2007 og fór síðar meir í forskautaframleiðsluna. Þau hjónin eiga tvo unga drengi, Emil Inga sem er í leikskóla, og Aron Inga sem hóf skólagöngu í haust.

LANGAÐI AÐ SINNA FÓLKINU MEÐ ÞVÍ AÐ SÆKJAST EFTIR LEIÐTOGASTÖÐU Margrét fór í barnsurðarleyfi 2009. Fljótlega eftir að hún kom til baka sótti hún um leiðtogastöðu þegar tvær stöður losnuðu. „Ég fékk að vísu ekki starfið þá enda mjög margar umsóknir sem bárust. Síðan fór ég aftur í barnsurðarleyfi 2012 og kom aftur til starfa 2013.” Margrét hefur semsé tvisvar farið í barneignarleyfi og í bæði skiptin snúið aftur á vaktir. Vaktavinnan hefur aldrei truflað Margréti og hún segir þetta fyrirkomulag ekki koma niður á börnunum eða fjölskyldulífinu. „Ég ákveð að þetta gangi upp og skipulegg mig út frá því. Elvar er í dagvinnu og vaktavinnu í bland en ég á tólf tíma dagvöktum og er leiðtogi á þremur vöktum í skautsmiðjunni. Við erum svo heppin að eiga tengdforeldra mína að þegar á þarf að halda og það er mikils virði.”

Þótt hún hafi ekki fengið leiðtogastöðu í fyrra skiptið sem hún sótti um lét hún ekki deigan síga: „Það opn- aðist aftur fyrir umsóknir í leiðtogastörf árið 2014 sem ég sótti um. Þá var ég valin til starfa,” segir Margrét. Hún segir meginástæðu þess að hún vildi verða leiðtogi vera þá að henni fannst vanta ýmislegt í þjónustu við starfsfólk. „Ég hefði líklega ekki sótt um leiðtogastarfið ef ég hefði ekki haft reynslu af því að starfa á gólfinu. Þar sér maður best hvað vantar, hvar megi gera betur og mér fannst ég hafa góða reynslu og þekkingu til þess að taka starfið að mér.”

ALLTAF GAMAN Í VINNUNNI Margrét segir að sér finnist alltaf gaman að koma í vinnuna, sérstaklega eftir að vaktafyrirkomulaginu var breytt í átta tíma vaktir í skautsmiðjunni. Margrét er þó aðeins önnur af tveimur kvenleiðtogum álversins. Hún telur að ástæður þess séu ýmsar. „Það er bara misjafnt hvað fólk vill gera. Við förum vissulega stund- um inn í ryk og svo eru sumir ákvarðanafælnir og aðrir telja sig ekki hæfa til að stjórna öðrum. Að vísu er stjórnunarhlutverkið oft misskilið. Það felst ekki í því að skipa öðrum fyrir. Það felst fyrst og fremst í því að leiðbeina, að viðhalda settum reglum og vinnubrögðum á kurteisan hátt. Þannig ávinnur maður sér traust,” segir Margrét, en mjög dreift aldursbil er milli starfsmanna skautsmiðjunnar, allt frá átján árum og upp í rúmlega sextíu. Margrét segir að það geri vinnuandann bara skemmtilegri. Ólíkur hópur skapar dýnamískt vinnuumhverfi og þrátt fyrir að einstaklingar séu ólíkir þá merkir það ekki að þeim komi ekki vel saman.

HÆSTA HLUTFALL KVENNA Í ÁLVERINU „Á hverri vakt eru níu til tíu manns og við erum alltaf með þrjár til fjórar konur á hverri vakt. Þannig að við erum ekki mjög illa sett hvað kynjahlutfallið varðar í skautsmiðjunni. Ég held að það megi m.a. þakka átta tíma vöktunum. Það er misskilningur að konur séu ekki vanar að vinna vaktavinnu, þær eru í heilbrigðisgeiranum, löggunni og fleiri stéttum þar sem

unnið er á vöktum. Hér er líka möguleiki að taka ekki svokallaðar bætivaktir og þá er fólk fyrir vikið í 86% vinnu. Það hentar sumum betur og þannig opnast fleiri möguleikar,” segir Margrét.

Skautsmiðjan var fyrsta starfssvæði álversins til að innleiða átta tíma vaktirnar og þar voru einnig fyrst innleidd svokölluð hlutverkastýrð teymi sem Margrét og fleiri hafa eytt miklum tíma í að koma á laggirnar og fínþússa. Margrét segir að hlutverkastýrðu teymin hafi það að markmiði að veita starfsfólki tækifæri til að axla ábyrgð og innleiðingin hafi haft mikinn ávinning í för með sér. „Samstaða og vinnugleði hefur meðal annars aukist og ekki þarf lengur að hafa áhyggjur af því að verkum sé ólokið við vaktalok. Áður kom það fyrir sem varð til þess að sú vinna lenti á einhverjum sem þurfti þá að vera eftir til að klára vinnuna. Nú vinna allir saman og ljúka því sem ljúka þarf,” segir Margrét og heldur áfram: „Þetta hefur m.a. leitt til þess að leið- togar eru ekki lengur á næturvöktunum, ólíkt öðrum vinnusvæðum í álverinu. Vinnan gengur eins og vel smurð vél.”



KONUR SÆKI UM HAFI ÞÆR ÁHUGA Hún mælir hiklaust með því að konur sækist eftir stjórnunarstöðum hjá Fjarðaáli. „Já, ef þær hafa áhuga þá eiga þær hiklaust að stefna að markmiðum sínum, ekki vegna þess að þær eru konur heldur vegna þess að þær telji sig eiga erindi. Það á jafnt við um konur og karla. Ég tel að það stuðli að jákvæðri fjölbreytni að hafa sem jafnast hlutfall milli kvenna og karla, en ég tel engu að síður að við ráðningar eigi að miða við hæfni til starfsins fyrst og fremst,” segir Margrét.

DÝRAMANNESKJA Í HÚÐ OG HÁR Margrét er alin upp innan um dýr. Foreldrar hennar hafa alla tíð átt hesta og um tíma áttu þau kindur í Fjörborg- um austan Rauðavatns. „Ég er alin upp við hunda, ketti, rollur og hesta og hef verið á hestbaki alla ævi,” segir Margrét sem er auðvitað með hesta í Neskaupstað. „Já, og tvo hunda og ég get varla beðið eftir því að taka hestana á hús þegar fer að snjóá,” segir Margrét Linda að lokum.



GÍFURLEG TÆKIFÆRI FYRIR SKAPANDI GREINAR Á AUSTURLANDI

Samfélagssjóður Alcoa í Bandaríkjunum, Alcoa Foundation, veitti Austurbrú styrk til þriggja ára, samtals að upphæð um 9,5 milljónir króna til að byggja upp innviði skapandi greina á Austurlandi. Til að fræðast betur um hvernig þessum fjármunum verður varið og líta yfir sviðið hér eystra var rætt við Láru Vilbergsdóttur, verkefnastjóra skapandi greina hjá Austurbrú.

„Í kjölfar hrunsins varð ákveðin vitundarvakning um að efling skapandi greina á Austurlandi gæti verið stórt tækifæri hér sem annars staðar. Austurland var nefnilega hér áður fyrr þekkt fyrir listhandverk og jafnvel talað um svæðið sem vögg handverks á Íslandi. Þess vegna þótti rétt að skoða vel hvaða þekking og reynsla væri á svæðinu og móta verkefni til að standa vörð um þá þekkingu, efla hana og setja í nýtt samhengi. Árið 2010 var Þorpsverkefnið sett á laggir, einmitt í þessu skyni og til að innleiða hönnunarhugsun í áframhaldandi uppbyggingu. Útgangspunkturinn var að nýta staðbundið hráefni og hámarka virði þeirra með góðri hönnun, samstarfi fólks með ólíka þekkingu og markaðssetningu,” segir Lára þegar hún lítur til baka, en hún starfar ásamt fleirum að uppbyggingunni hjá Austurbrú í samstarfi við hönnuði, handverksmenn og frumkvöðla á ýmsum sviðum.

„Á þessum tíma var líka mikið rætt um hættuna á einsleitni í atvinnulífinu í kjölfar stórfamkvæmda og talið mikilvægt að auka fjölbreytni og skapa aðstæður til að gera Austurland líka að suðupotti á sviði skapandi greina. Við höfum í nokkur ár unnið með að ná til ungs fólks af Austurlandi sem stundað hefur nám í skapandi greinum. Það hefur m.a. verið gert með því að sýna lokaverkefni þeirra og bjóða þeim þátttöku í menningarsamstarfi og hönnunarverkefnum með það að leiðarljósi að þau sjái tækifæri hér, langi til að setjast að til frambúðar eða að hluta og deili þekkingu sinni með öðrum. Eitt afsprengi þessarar vinnu er hönnunarverkefnið Design From Nowhere sem hlaut Hönnunarverðlaun Íslands sem veitt voru í fyrsta sinn haustið 2014,” segir Lára.

En hvað segir Lára um nýhafið samstarf milli Fjarðaáls og skapandi greina á Austurlandi? Þetta eru vitar sem stundum er stillt upp sem andstæðum pólum, sem þarf alls ekki að vera: „Hér varð til skemmtileg hugmynd í samtali sem átti sér stað milli ungra hönnuða sem tóku þátt í hönnunarverkefninu Norðaustan10 fyrir nokkrum árum. Sjö ungum, austfirskum hönnuðum var boðið að taka þátt í verkefni þar sem vinna átti með staðbundið hráefni og þá fóru þeir að velta fyrir sér hver þessi hráefni væru. Þar dúkkaði álið upp enda er það mikið

nýtt í listsköpun og margs konar hönnun. Þetta er oft viðkvæmt málefni hjá listamönnum hér á landi en það varð ofan á í þessum hópi að bjóða álið velkomið í hráefnaflóru Austurlands.“

Hvernig mun styrkurinn sem Alcoa veitti til málaflokksins nýtast til að efla skapandi greinar á Austurlandi? „Við höfum skilgreint fjögur verkefni sem hafa þann tilgang að styrkja innviðina á svæðinu. Eitt þeirra snýst um að efla skapandi ferli og auka frumkvæði nemenda í listnámi á grunn- og framhaldsskólastigi. Í kjölfar vinnustofu sem haldin hefur verið var skilgreint verkefni sem haldið verður áfram með. Listnám er góður grunnur til að byggja á áframhaldandi nám í skapandi greinum og það þarf að verða sýnilegra hvaða störfum listmenntað fólk getur sinnt í framhaldinu. Við þurfum að koma fleira listmenntuðu fólki í störf í almennum fyrirtækjum og stofnunum og gera fleirum grein fyrir því hversu mikils virði það getur verið að hafa listmenntaða manneskju í starfslíðinu,” segir Lára og bætir við: „Hvernig stendur til dæmis á því að sveitarfélög og fyrirtæki auglýsa aldrei eftir hönnunar-menntuðu fólki til starfa? Það eru mýmörg verkefni sem slíkir einstaklingar geta leyst og komið í veg fyrir mörg stórslys í tengslum við alla ímyndarsköpun, ýmsa framsetningu og skipulagsmál.“

Ekki er allt upp talið sem Austurbrú ætlar að vinna í til að efla skapandi samfélag fyrir tilstuðlan styrksins frá Alcoa Foundation. „Við munum til dæmis bjóða upp á þverfaglega vinnustofu fyrir hönnuði og hugvitsfólk þar sem unnið verður með staðbundin hráefni og



Styrkur frá Alcoa Foundation var formlega veittur á Reyðarfirði í ágúst. F.v. Kristinn Harðarson, framkvæmdastjóri hjá Fjarðaáli, Dagmar Ýr Stefánsdóttir upplýsingafulltrúi, Lára Vilbergsdóttir og Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar.

þar er til dæmis mikill áhugi á að vinna með ál á mótí öðru efni eins og trjávið. Þetta eru ólík hráefni en geta myndað mjög skemmtilegt samspil. Sem dæmi nota arkitektar bæði þessi efni mikið. Í tengslum við þróun vöru úr staðbundnum hráefnum verður einnig unnið með markaðssetningu þeirra og skoðaðar leiðir til að vel hannaðar vörur kynni fjórðunginn út á við líkt og t.d. sænski dalahesturinn sem er einskona einkennisvara á sínu svæði og reyndar fyrir alla Svíþjóð.“ Að auki nefnir Lára þróun á þjónustu við skapandi greinar sem stendur til að efla og bæta eins og gert er víða á Norðurlöndum í sama skyni þannig að nýsköpun á sviði skapandi greina leiði til atvinnusköpunar og fjölbreyttari starfa fyrir listmenntað fólk. Ljóst er af því sem fram hefur komið að verkefnin eru næg framundan hjá Láru og félögum í Austurbrú enda tækifærin til að efla skapandi greinar víða á Austurlandi.



† *Guðmundur Bjarnason*

Á árinu kvaddi starfsfólk Alcoa Fjarðaáls góðan félag, Guðmund Bjarnason, sem var um árabíl einn af helstu máttarstólpum samfélagsins. Hann var vinur vina sinna, dádur kennari af nemendum sínum í Neskaupstað og síðar vinsæll bæjarstjóri Fjarðabyggðar. Sem slíkur gerði Guðmundur sér grein fyrir nauðsyn þess að efla atvinnulíf og stöðva viðvarandi brottflutning íbúa. Að markmiðum sínum vann hann sleitulaust og var því ásamt fleirum helsti hvatamaður þess að leitað yrði samninga við Alcoa um byggingu álvers í Reyðarfirði. Síðustu árin starfaði Guðmundur sem verkefnastjóri í stjórnunar- og samfélagsteymi Fjarðaáls. Guðmundur lést 11. júlí 2015. Blessuð sé minning hans.

STYRKÚTHLUTANIR

ALCOA FJARÐAÁLS

Alcoa Fjarðaál veitir styrki úr styrktarsjóði sínum tvisvar á ári og er miðað við að styrkirnir styðji við samfélagið á Austurlandi. Sérstök úthlutunarnefnd fjallar um umsóknir sem berast og velur þau verkefni sem hljóta styrki hverju sinni. Heildarframlagið á styrkárinu 2014/2015 var um 16 milljónir króna.

HAUSTIÐ 2014

Félag	Verkefni
RKÍ á Héraði og Borgarfirði	Jólasjóðurinn 2014
Æskulýðsfélagið Kýros	Vinavika í október 2014
Maritafræðslan	Eineltisfræðsla
Skólaskrifstofa Austurlands	Innleiðing Byrjendalæsis á Austurlandi
Félagsmiðstöðin Nýung	Hljóðkerfi fyrir félagsmiðstöðvar
5 RKÍ deildir í Fjarðabyggð og Breiðdalsvík	Jólasjóðurinn 2014
Foreldrafélag Grunnskólans á Esk.	Sjálfsstyrkinganámskeið f. stúlkur í 7-10. bekk
Jaðarsportfélagið 7-40 Neskaupstað	Hjólabrettaaðstaða í Neskaupstað
Skógræktarfélag Breiðdæla	Girðing um skógræktarsvæði í Breiðdal
Fjarðabyggð, Íþrótt- og tómstundafulltrúi	Kuldaboli
Sögur úr þorpinu (Snotra ehf.)	Leikritið „Gönguferð“
Flugklúbbur Egilsstaða	Rita flugsögu Austurlands
Leikfélagið Djúpið í VMA	Leiklistarsnámskeið
Verkmenntaskóli Austurlands	Stofna Fab Lab smiðju á Austurlandi
Ungmennafélagið Neisti	Tækjakaup fyrir félagsmiðstöðina Zion
Kammerkór Egilsstaðakirkju	Flytja jólaoratoríu Bachs
Minjasafn Austurlands	Kaup á hljóðbúnaði til að hlusta á sögur
Breiðdalssetur	Vinna að frekara samstarfi við skólana á Austurlandi
Leikfélag Fljótsdalshéraðs	Uppsetning á leikritinu „Þið munið hann Jörund“
Tengslanet Austfriskra kvenna, TAK	Vinnuhelgi í tengslum við bókina „Lean In“
Hollvinasamtök utanspítalajónustu í Fjarðabyggð	Kaup á hnoðtæki í sjúkrabíla Fjarðabyggðar
Skaftfell – myndlistarmiðstöð Austurlands	Kaup á háskerpuskjávarpa
Bergsól ehf.	Gerð heimildarmyndar um hljómsveitina Dúkkulísurnar
Íbúasamtök Eskifjarðar	Kaup á setbekkjum í Eskifirði
Kajakklúbburinn KAJ, félag kajakræðara á Austurlandi	Kaup á öryggisbúnaði f. börn og unglinga
AEB ehf.	Ljúka gerð heimildarmyndar um Eistnaflug

VORIÐ 2015

Félag	Verkefni
Björgunarsveitin Ársól	Innkaup á sérhæfðum búnaði til fjallabjörgunar
Björgunarsveitin Ísólfur	120 fm viðbygging undir tækjakost félagsins
Blakdeild Leiknis	Uppbygging á strandblakvelli á Fáskrúðsfirði
Bláa kirkjan sumartónleikaröð	Tónleikaröð til minningar um Muff Worden



Vorúthlutun Samfélagssjóðs Alcoa Fjarðaáls fór fram í menningar- miðstöðinni Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Veittir voru 32 styrkir sem námu samtals um átta milljónum króna.

Breiðdalssetur	Málþing um jarðfræði Austurlands
Ferðaklúbburinn 4x4 Austurlandsdeild	Ferð skjólstæðinga Félagsþjónustu Austurlands
Félag leiðsögumanna með hreindýraveiði	Auka þekkingu veiðimanna á hornamælingum
Félagsmiðstöðin Hlymsdalir	Overlock saumavél f. frágang á handavinnu eldri borgara
Félagsmiðstöðin Nýung (Fljótsdalshérað)	Til að kaupa nýtt innbú, sófa, grjónapúða o.fl.
Fimleikadeild Hattar	„Strákar í fimleika“ verkefni gegn fordómum og einelti
Foreldrafélag Kærabæjar (leikskólinn á Fáskrúðsfirði)	Kaup á hljóðfærum til leikskólans
Grunnskólinn á Breiðdalsvík	Byggja upp plánetustíg (líkan af sólkerfinu)
Gullvör	Viðtöl við bændur á Jökuldal, ljósmyndasýning
Jassklúbbur Egilsstaða	Jazzhátíð Egilsstaða í júní/júlí
JCI Austurland	Nýliðanámskeið, 6 sinnum á árinu 2015
Kirkjumiðstöð Austurlands v. sumarbúða við Eiðavatn	Bæta aðstöðu fyrir báta sumarbúðanna við Eiðavatn
Krabbameinsfélag Austfjarða	Bókakaup fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur
Leikfélag Norðfjarðar	Barnaleikritið „Benedikt búálfur“
Leikfélag Reyðarfjarðar	Leiksýning varðandi hernámsdaginn
Leikhópurinn Krísa (Seyðisfjarðarskóla)	Leiksýning „Hlauptu, týnstu“
Listaakademía Verkmenntaskóla Austurlands	Útgáfa á DVD-disk með upptökum
LME - Leikfélag Menntaskólans á Egilsstöðum	Ferð með leikritið „Klaufar og kóngsdætur“ um Austurland
Millifótakonfekt ehf.	Eistnaflug 2015
Möguleikhúsið	Sýning f. grunnskólanem. á Austurl. („Eldbarnið“)
RKÍ Eskifirði á Eskifirði (5 deildir á Austurlandi)	Námskeið í skyndihjálpi fyrir 1. bekk allra grunnskóla Fjarðabyggðar
Skiðafélag Fjarðabyggðar	Kaup á magnara, hátalara og útvarpssendi
Skógræktarfélag Djúpavogs	Viðhald gamalla göngustíga og lagning nýrra
Skógræktarfélag Eskifjarðar	Gróðursetning og uppbygging skógræktarsvæðis
Skrifstofa ferða- og menningarmála, Seyðisfirði	Endurútgáfa Húsasögu Seyðisfjarðar
Sláturhúsið - Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs	Til að halda myndlistar- og sögusýningu
Starfsmannafélag Grunnskóla Rfj og foreldrar	Ferð á „First LegoLeague“ keppni í BNA
Stólpi, hæfing, iðja og starfsþjálfun	Kaup á nýjum vinnustólum
UMF Neisti	Forvarnarstarf („Edrúlífið“)
UMF Valur, glímuráð	Til að halda 105. Íslandsglímuna á Reyðarfirði



HVERGERÐINGUR HELDUR UPPI ÁRLEGU STUÐI Á NORÐFIRÐI - M.A. MEÐ STUÐNINGI ALCOA FJARÐAÁLS

Í rúman áratug hefur Stefán Magnússon haldið uppi sífellt vaxandi stuði í Neskaupstað, þangað sem hann fluttist tímabundið árið 2004 til að kenna íþróttir. Stefán er íþróttakennari að mennt og starfaði sem slíkur allt þar til fyrir tveimur árum er hann snéri sér að öðrum störfum.

MEÐ HUGANN VIÐ NESKAUPSTAÐ
„Neskaupstaður er besti staður á jörðinni, fyrir mig að minnsta kosti sem íþróttakennara,“ segir Stefán ákveðinn. „Þarna er frábært samfélag, stórt og vel búið íþróttahús og almennt góð aðstaða til íþróttaiðkunar. Síðast en ekki síst eru krakkarnir þar vel innstilltir og áhugasamir um íþróttir. Það var mjög gott að búa og starfa í Neskaupstað.“ Að loknum tveimur vetrum fluttu hann og eiginkonan, Hrefna Húgós dóttir, aftur suður til Reykjavíkur. Stefán hélt áfram kennslu og Hrefna í sínu fagi sem hjúkrunarfræðingur. Þau fluttu svo í heimahaga Hrefnu 2008, til Reykhóla, þar sem Stefán tók við íþróttakennslunni og Hrefna við rekstri hjúkrunarheimilisins á staðnum. Þau búa nú í Kópavogi, Stefán er rekstrarstjóri á bar við Aðalstræti í Reykjavík og Hrefna starfar við fjölskyldu- og hjónaráðgjöf.

STUÐNINGUR ALCOA SKIPTIR MÁLI
„Ég er alltaf með hugann við Neskaupstað enda erum við með heljarinnar batterí þar á hverju ári. Umfang

Eistnaflugs hefur vaxið allar götur síðan við byrjuðum fyrir utan árið 2011. Það voru t.d. 600 fleiri á hátíðinni sjálfri í sumar sem leið heldur en í fyrra og lögreglan telur að það hafi komið á bilinu 2500-3000 manns til Neskaupstaðar helgina sem Eistnaflug var haldið. Alcoa Fjarðaál á stóran þátt í því hversu vel okkur hefur gengið því fyrirtækið hefur m.a. gert okkur kleift að fá sífellt betra tónlistarfólk til liðs við okkur,“ segir Stefán, en Alcoa Fjarðaál veitti Eistnaflugi einnar milljón króna styrk vegna tónlistarhátíðarinnar sl. sumar. Þá komu um sjötíu hljómsveitir fram, þar af ellefu erlendar. Stefán gerir ráð fyrir að næsta sumar verði erlendu böndin færri en þekktari en þær erlendu hljómsveitir sem til þessa hafa spilað á Eistnaflugi.



RAUAN MEIRBEKOVA FRÁ KASAKSTAN SKOÐAÐI ÁHRIF SNEFILEFNA VIÐ RAFGREININGU ÁLS

RAUAN MEIRBEKOVA VARDI NÝLEGA DOKTORSRITGERÐ SÍNA VIÐ TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK ÞAR SEM HÚN SKOÐAÐI Í VERKEFNI SÍNU ÁHRIF SNEFILMAGNS AF BRENNISTEINI OG FOSFÓRI Á RAFGREININGU ÁLS.

Styrkur þessara snefilefna við rafgreiningu áls er orðinn hærri en áður var vegna aukinnar endurvinnslu á flúor í þurrhreinsivirki og í verkefninu sýnir Rauan að þau hafa slæm áhrif á straumnýtni. Rannsóknarvinnan fór að hluta til fram hjá Alcoa Fjarðaáli en niðurstöðurnar eru áhugaverðar fyrir álframleiðendur. Það er einnig saga Rauan sjálfrar sem er frá Kasakstan.

Rauan kom til Íslands fyrir um sjö árum fyrir tilstilli verkfræðistofunnar Verkís. Hún hafði þá nýlega hitt fulltrúa fyrirtækisins á ráðstefnu í Tyrklandi þar sem hún starfaði sem tulkur og ákvað fyrirtækið að bjóða henni til Íslands. Rauan var þá með BSc gráðu í orkuverkfræði, en auk móðurmáls síns talar hún tyrknesku, rússnesku og ensku.

Í FREKARA NÁM Á ÍSLANDI
Eftir nokkra dvöl á Íslandi tók hún meistaragráðu við RES – Orkuskólann á Akureyri, sem var alþjóðleg háskólastofnun á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Að því loknu starfaði hún um tíma hjá Verkís, en árið 2010 fór hún að þreifa fyrir sér um að komast í doktorsnám á sviði orkumála. „Ég komst í samband við Guðrúnu Sævarsdóttur, sem þá var dósent við Háskólann í Reykjavík. Hún var þá að vinna að verkefni á sviði rafgreiningar áls sem Alcoa Fjarðaál og verkfræðistofan HRV fjármögnuðu. Mér fannst þetta afar spennandi verkefni og sótti strax um að komast inn í það og það varð úr,“ segir Rauan. Verkefninu er nú lokið og fór doktorsvörnin fram við HR þann 3. september. Með henni öðlaðist Rauan tvöfalda gráðu frá HR og Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet í Noregi, en



um var að ræða samstarfsverkefni háskólanna tveggja. Doktorsvörnin í Noregi fór fram 1. september.

Rauan Meirbekova er ánægð með námið á Íslandi.

HENNAR LEIÐ TIL VESTURLANDA
Rauan hafði frá æsku áhuga á því að freista gæfunnar utan Kasakstans. Hún greip því tækifærið til að flytja til Vesturlanda þegar það bauðst í gegnum samböndin við Verkís. Hún sóttist ekki eftir skólastyrk frá kasakstanska ríkinu þar sem þiggjandi þeirra er skuldbundinn til að snúa heim að námi loknu, heldur lagði hún áherslu á að komast í styrkt verkefni á erlendri grundu.

TIL STARFA HJÁ HR
Að loknu námi hefur hún ráðið sig í það verkefni hjá Háskólanum í Reykjavík að byggja upp tilraunaaðstöðu og að efla efnisfræði sem fræðasvið við HR, en það verkefni er styrkt af samfélagssjóði Alcoa (Alcoa Foundation). Jafnframt mun hún vinna að undirbúningi námsframboðs í efnisverkfræði við skólann. Rauan er íslenskur ríkisborgari og gift Bjarka Gunnarssyni og eiga þau saman einn son.

Þórarinn Ívarsson (Tóti), framkvæmdastjóri Veraldarvina, stendur í stórræðum í fjörum landsins, þar sem samtökin hafa hreinsað yfir 3000 km. Ljósmynd: Ásdís Ásgeirsdóttir/Morgunblaðið.

Þórarinn Ívarsson, framkvæmdastjóri Veraldarvina

„GÆTUM LAGT MIKLU MEIRA AF MÖRKUM TIL SAMFÉLAGSINS“



ÞÓRARINN SEGIR EINSTAKT HVERSU VEL FJARÐABYGGÐ OG ALCOA STYÐJI SAMTÖKIN. ALCOA FOUNDATION HEFUR TVISVAR VEITT VERALDARVINUM 25 ÞÚSUND DOLLARA STYRK, UM 2,8 MILLJÓNIR KRÓNA Í HVORT SKIPTI, TIL AÐ STYÐJA VIÐ STARFSEMI SAMTAKANNA Á AUSTURLANDI.

Þórarinn Ívarsson, framkvæmdastjóri Veraldarvina, segir einstakt hversu vel Fjarðabyggð og Alcoa hafi stutt við bakið á samtökunum og segir hann að fyrirhugað sé að flytja skrifstofu Veraldarvina til Fjarðabyggðar í febrúar næstkomandi enda fari meginhluti starfseminnar nú fram á Austurlandi. „Já, það stefnir allt í það að við flytjum allt okkar hafurtask austur, ég þarf að fara að líta í kringum mig með húsnæði,“ segir Þórarinn, eða Tóti eins og hann er kallaður.

Veraldarvinir eru íslensk félagasamtök sem rekin eru án hagnaðarsjórnarmiða og vinna að margvíslegum samfélagsverkefnum árið um kring um allt land. Árlega taka samtökin á móti 1600 erlendum ferðamönnum, aðallega ungu fólki, sem óskar eftir því að fá að vinna störf í sjálfböðavinnu hér á landi. Þannig má sem dæmi nefna að fyrir tilstilli samtakanna hafa rúmlega þrjú þúsund kílómetrar af fjörum landsins verið hreinsaðar af alls konar drasli. Á Austurlandi eru samtökin nú m.a.

að gera upp gamla barnaskólahúsið á Eskifirði auk þess að vinna að umhverfisverkefnum og að fræða grunnskólanemendur í Fjarðabyggð um mikilvægi umhverfisverndar. Þau hafa einnig keypt gamla Landsbankahúsið á Stöðvarfirði þar sem um 140 unglingar á aldrinum 13-17 ára koma í sjö tuttugu manna hópum til landsins yfir sumartímann. „Við festum einnig nýlega kaup á gömlu sjóhúsi á Eskifirði sem við ætlum að gera upp og reka í samstarfi við heimamenn,“ segir Tóti. Veraldarvinir eru með starfsemi víðar, m.a. í Úlfarsárdal í Reykjavík þar sem samtökin hafa tekið að sér húsnæðið að Sveinsstöðum í eigu Reykjavíkurborgar. „Við erum að hressa upp á húsið og rækta grænmeti fyrir okkar fólk. Við erum einnig í Hveragerði. Þar aðstoðum við Hveragerðisbæ í bæjarvinnunni á sumrin og Náttúrulækningahælið við garðyrkjustörf allan ársins hring. Á sumrin eru þar um 15 ungmenni í vinnu hjá sveitarfélaginu og um 320 manns í tveggja vikna verkefnum á heilsuhælinu. Í Hveragerði hefur okkur verið tekið ákaflega vel,“ segir Tóti.

LANGFLESTIR Á AUSTURLANDI

„Mesta starfsemin er þó í Fjarðabyggð. Ég hugsa að það komi hátt í 700 manns austur á þessu ári, flestir þeirra í tveggja vikna verkefni.“ Þórarinn segir að flestir séu þar í júlí og ágúst, eða milli tvö og þrjú hundruð. „Þau eru núna í kringum 45 við margvísleg störf. Sumir eru að laga gamla barnaskólann á Eskifirði, aðrir eru að vinna við að leggja þökur og göngustíga auk þess að sinna öðrum verkefnum undir handleiðslu umhverfissviðs Fjarðabyggðar. Við erum líka með hóp af fólki sem er að skrifa fréttablaðið Unu, sem við gefum út sex sinnum á ári þar sem fjallað er um starfsemi okkar og mannlífið þar sem við störfum. Unu er dreift til samstarfsaðila okkar í rúmlega 70 löndum.“ Veraldarvinir hafa einnig komið að verki á Raufarhöfn þar sem aðallega hefur verið unnið að listatengdum verkefnum auk þess að hjálpa heimamönnum við ýmis önnur verkefni.

GÆTUM AÐSTOÐAD ÞJÓÐGARÐANA

Þórarinn segir að Veraldarvinir gætu unnið að miklu fleiri verkefnum hér á landi ef opinberir aðilar sýndu því áhuga. „Það sækist miklu fleira fólk eftir því að koma til Íslands til að vinna sjálfböðastörf en við getum tekið á móti. Samfélagsverkefnin eru mýmörg. Við gætum t.d. lagt mikið að mörkum til uppbyggingar í þjóðgördum landsins, sem víða eru komnir yfir þolmörk. En þjóð-


garðarnir hafa ávallt hafnað aðstoð okkar þó að vinnuframlagið sem slíkt kosti þá ekki neitt. Ég get nefnt sem dæmi að UNESCO bauð okkur framlag til að vinna samfélagsverkefni á svæði á heimsminjaskrá. Það lá beinast við að bjóða fram aðstoð okkar í þjóðgarðinum á Þingvöllum, en garðurinn hafnaði því. Vatnajökulsþjóðgarður hefur einnig hafnað aðstoð okkar,“ segir Þórarinn.

GEFANDI OG SKEMMTILEGT STARF

Samtökin Veraldarvinir hafa síðan 2001 staðið fyrir námskeiðum og vinnubúðum á Íslandi fyrir erlenda ferðamenn, flesta unga að árum. Á bilinu 1.500 til 1.600 manns koma til landsins í ár á vegum félagsins og sinna verkefnum eða læra sér til gagns í bland við að skemmta sér í íslenskri náttúru í góðum félagsskap. Í fyrra fagnaði félagið þeim áfanga að taka á móti tíu þúsundasta gestinum. Heildarþjöldi gesta félagsins er um tólf þúsund frá stofnun. Þórarinn segir Ísland taka við flestum sjálfböðaliðum af móttökulöndum samtakanna, en Veraldarvinir starfa með öðrum svipuðum félögum á heimsvísu. Fólk sem kemur til Íslands er af milli sextíu og sjötíu þjóðernum, flestir koma frá Suður-Kóreu, Spáni, Þýskalandi, Frakklandi og Japan auk þess sem veruleg aukning er frá Mexíkó og Kína.

Sjálfböðaliðar á vegum Veraldarvina koma víða að verki til aðstoðar sveitarfélögum. Hér er hópur sjálfböðaliða að verki við snyrtingu í Fjarðabyggð.

Guðmundur
við rann-
sóknarstörf
í regnskógum
Brasilíu.



TVEIR STARFSMENN FENGU TÆKIFÆRI TIL AÐ FARA Í EARTHWATCH-LEIÐANGUR MEÐ VÍSINDAMÖNNUM

Eitt af þeim tækifærum sem Samfélagssjóður Alcoa (Alcoa Foundation) býður starfsmönnum Fjarðaáls er að sækja um að fara í leiðangur með hinum þekktu alþjóðlegu samtökum, Earthwatch. Þeir sem eru valdir fara á fjarlægjar slóðir til þess að aðstoða vísindamenn við að rannsaka hluti sem eru mikilvægir fyrir umhverfið og Alcoa, t.d. loftslagsmál, sjálfbæra þróun og vatnsframboð á heimsvísu. Samfélagssjóður Alcoa greiðir allar ferðir og upphald ásamt þátttökugjaldi í leiðangrinum sem er yfirleitt um 300.000 krónur. Í gegnum árin hafa íslenskir starfsmenn Alcoa verið svo heppnir að lenda í hópi hinna útvöldu og árið 2015 voru í fyrsta skipti tveir starfsmenn sem dattu í lukkupottinn. Guðmundur Sveinsson Kröyer, sérfræðingur í umhverfisteymi, var valinn til þess að fara í Earthwatch-leiðangur til Brasilíu 23.-29. ágúst og Rebekka Rán Egilsdóttir, sem vinnur í steypuskála Fjarðaáls, var valin til þess að fara í Earthwatch-leiðangur í Pyreneafjöllin í Frakklandi 19.-25. september. Við höfðum samband við Guðmund eftir heimkomuna til þess að heyra um reynslu hans.

Guðmundur Sveinsson Kröyer er 49 ára og hefur unnið hjá Fjarðaáli síðan 2006. Hann var búinn að ákveða fyrir nokkru síðan að hann myndi sækja um hjá

Earthwatch einhvern tíma, en það var rétti tíminn núna að hans sögn. Hann kveðst mjög ánægður með að hafa fengið þetta tækifæri.

LÍFFRÆÐILEGUR FJÖLBREYTileiki REGNSKÓGA Eftir ferðalag sem tók um hálfan annan sólarhring kom Guðmundur til Santa Catarina sem er næst syðsta fylki Brasilíu, á umráðasvæði borgarinnar Blumenau. „Þarna var mikið um þýska innflytjendur á sínum tíma,“ segir Guðmundur, „en við vorum í jaðri þjóðgarðs sem heitir Serra do Itajaí, inni í Atlantshafsregnskógum Brasilíu. Verkefnið sem við kynntumst gengur út á að skoða líffræðilegan fjölbreytileika regnskógarins. Í því var okkar hluti að fanga og skoða fugla sem við merktum og mældum á margvíslegan hátt. Við fór- um eldsnemma á hverjum morgni út í skóg að vinna. Síðdegis voru síðan fyrirlestrar um hlýnun jarðar og hugsanlegar afleiðingar hennar á regnskógana, auk umræðu um líffræðilega fjölbreytni og sjálfbærni. Mér fannst frábært að vera í regnskóginum því ég hafði aldrei komið í svona villtan skóg, með öllum þessum framandi plöntutegundum og dýrum.“ Einna skemmtilegast fannst Guðmundi þó að kynnast vetrinum í Brasilíu sem er allt öðruvísi en á Íslandi.



Frumskógar Brasilíu
eru heillandi að mati
Guðmundar.


Í NÁTTÚRUNNI LEIÐIR HVERT AF ÖÐRU

Nú er Earthwatch-leiðangur ætlaður til fræðslu; hvað lærði Guðmundur í ferðinni? „Í gegnum mína vinnu vissi ég heilmikið um losun gróðurhúsalofttegunda og afleiðingar þeirra, en það sem mér fannst fróðlegast var að læra um líffræðilega fjölbreytni og hvernig allar lífverur tengjast saman. Ef til dæmis ein fuglategund fer úr skóginum eða deyr út, getur það haft áhrif á útbreiðslu ákveðinnar trjátegundar sem fuglinn nærast á, sem svo á endanum leiðir til þess að hvorki fuglinn né trjátegundin finnst lengur í skóginum. Þannig tengist þetta allt saman og myndar eina heild sem er þessi frábæri regnskógur,“ segir Guðmundur, og kveður þetta hafa verið mikla tilbreytingu frá sinni daglegu vinnu. „Maður upplifði líka aðra menningu og nýtt umhverfi.“

Þátttakendurnir frá fyrirtækjum Alcoa voru frá Brasilíu, Mexíkó, Bandaríkjunum, Spáni og auðvitað Íslandi en þeir fengu fræðslu af ýmsu tagi. Fólk á vegum Earthwatch Institute ásamt gestafyrirlesurum fluttu erindi um ýmislegt sem snýr að umhverfisvernd og þau vandamál sem stefna framtíð jarðarinnar í hættu. Þessi fræðsla kemur sér vel fyrir Guðmund í starfi sínu. „Eitt af mínum verkefnum hjá Fjarðaáli er að halda utan um umhverfisvöktun þar sem meðal annars er verið að skoða gróðurinn í Reyðarfirði. Reynslan frá Brasilíu hefur aukið skilning minn á þeim rannsóknum sem við gerum og tengsl milli mismunandi gróðurtegunda.“

MUNU DEILA ÞVÍ SEM ÞAU LÆRÐU


Guðmundur segir: „Hluti af heildarpakkanum felst í því að eftir heimkomuna eigum við að vera með viðburð í samfélaginu okkar til að deila þekkingunni sem við komum með heim. Við unnum að undirbúningi



Kólibrífuglar voru í
hópi þeirra fjölmörgu
fuglategunda sem
Guðmundur kynntist
í Brasilíu. Hann tók
þessa fallegu mynd af
einum þeirra.

þess í Brasilíu og mitt verkefni gengur út á að auka umræðu um sjálfbærni í mínu sveitarfélagi með því að skapa umræðu um hvernig sjálfbærni getur nýst okkur í daglegu starfi. Ég er búinn að finna gestafyrirlesara og stefni að því að viðburðurinn verði í febrúar næstkomandi.“

Guðmundi fannst líka mikilvægt að kynnast öllu þessu fólki í Brasilíu sem deilir áhuga hans á umhverfismálum, en þau hafa verið í sambandi eftir heimkomuna, til dæmis til þess að hjálpa hvert öðru að undirbúa kynningu fyrir stjórnendur í sínu fyrirtæki. Að lokum spyrjum við hann hvort hann myndi hvetja starfsmenn Fjarðaáls til að sækja um þennan styrk verði hann í boði aftur á næsta ári. „Já, ég myndi mæla hiklaust með því. Ég held að allir hafi gott af því að kynnast einhverju nýju.“



ÁLNOTKUN Í BYGGINGAR- IÐNAÐI

ÁL VAR FYRST NOTAÐ Í BYGGINGAR UNDIR LOK 19. ALDAR OG Síðan hefur þróunin verið stöðug. BYGGINGAR- IÐNAÐUR NOTAR NÚ UM FIMMTUNG ALLS HRÁALS SEM FRAMLEITT ER Í HEIMINUM.



01 San Gioacchino kirkjan í Róm er gjarnan höfð til marks um góða endingu og litla viðhaldsþörf áls. Á þaki kirkjuturnsins er stjörnum prýdd áklæðning frá árinu 1897. Engin ástæða hefur þótt til að endurnýja hana. Á yfirborði áls myndast örþunn súrálshúð sem hleypir ekki súrefni í gegnum sig og varnar frekari oxun.

02 Hérna eru starfsmenn Carbondale að setja upp glugga-vegg (curtain wall) úr áli og gleri á One World Trade Center í New York, hæstu byggingu í Ameríku. Nýir skýjakljúfar eru flestir með slíka útveggi sem þurfa að vera tiltölulega léttir en hafa um leið mikinn styrk til að standast álag, jafnvel öfluga fellibylji og stóra jarðskjálfta.

03 Alcoa átti stóran þátt í þróun álnotkunar í byggingar-iðnaði í Norður-Ameríku. Empire State byggingin í New York var reist á methraða í heimskreppunni miklu, smíðin hófst 17. mars 1929 og var lokið 11. apríl 1931. Empire State var hæsta bygging heims í nærri 40 ár. Þakið er í 381 metra hæð og turnspíran teygir sig upp í 443 metra. Empire State var fyrsta byggingin þar sem ál var notað í stórum stíl. Turninn er úr áli. Sama er að segja um glugga, þök, rennur, útihurðir, lyftuhurðir, hluta klæðningar og skreytingar af ýmsu tagi.

04 Apple hefur haldið álnotkun mjög á lofti og því kemur ekki á óvart að nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins í Kísildalnum verði klæddar áli og gleri. Apple Campus 2 er hringlaga bygging sem mun hýsa 12.000 starfsmenn frá byrjun árs 2017.

05 Hérna er verið að setja upp álplötur á kerskála Fjarða-áls. Byggingar álversins eru klæddar gegnheilum, rafhúðuðum (anodized) álplötum frá Alcoa. Samtals er áklæðningin á álverinu 295.000 fermetrar. Viðast hvar er klæðningin tvöföld. Álplöturnar komu til landsins í rúllum og voru formaðar og sniðnar í vélsmiðjum á Austurlandi og á byggingarstaðnum. Í álverinu eru líka gluggar, hurðir og fleira úr áli.

06 Klæðningin á Fosshóтели Reykjavík við Höfðatorg er glænýtt dæmi um framsækna álnotkun í byggingar-iðnaði á Íslandi. Gráar álplötur standa út úr veggjunum með mismunandi aðfallshorni, líkt og þær hafi gengið til og myndað fallegt listaverk.

